

ÞJÓNUSTUSAMNINGUR RÍKISINS VIÐ FARICE EHF.

NÓVEMBER 2012

EFNISYFIRLIT

NIÐURSTÖÐUR OG ÁBENDINGAR	3
VIÐBRÖGÐ VIÐ ÁBENDINGUM.....	7
1 INNGANGUR	12
2 ALÞJÓÐLEG FJARSKIPTI, RÍKISSJÓÐUR OG FARICE EHF.	13
2.1 Alþjóðlegar fjarskiptatengingar.....	13
2.2 Eignarhlutur ríkisins í Farice ehf. og forverum.....	14
2.3 Framlög, ríkisábyrgðir og þjónustusamningur	15
3 LAGNING OG REKSTUR SÆSTRENGJA	18
3.1 Forsagan 2004–08	18
3.2 Fjárhagsleg endurskipulagning: 2009–11.....	19
3.3 Forsendubrestur.....	22
4 AÐKOMA EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA (ESA).....	24
4.1 Ákvarðanir ESA vegna aðkomu ríkisins að Farice.....	24
4.2 Reglur um aðstoð við björgun og endurskipulagningu fyrirtækja í erfiðleikum	25
4.3 Þjónustusamningur við Farice ehf.....	26
5 ÞJÓNUSTUSAMNINGUR VIÐ FARICE	27
5.1 Efni þjónustusamningsins.....	27
5.2 Heimildir	28
6 RÍKISÁBYRGÐ	32
6.1 Skilyrði fyrir ríkisábyrgð.....	32
6.2 Gjald vegna ríkisábyrgða	35

NIÐURSTÖÐUR OG ÁBENDINGAR

12. apríl 2012 gerði Fjarskiptasjóður fyrir hönd ríkissjóðs þjónustusamning við Farice ehf. um stuðning ríkisins við félagið sem þá átti í alvarlegum lausafjárvandræðum. Tilgangur samningsins var að tryggja áframhaldandi rekstur félagsins og öryggi fjarskiptatenginga við Ísland. Nokkrum dögum fyrr höfðu innanríkisráðherra og fjármálaráðherra lagt til að ríkisstjórn Íslands heimilaði gerð slíks samnings til allt að fimm ára og fjármögnun hans með sérstöku framlagi í fjárlögum. Kom fram að Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefði bent á þessa leið en hvorki var hægt að skuldetja félagið frekar né veita því aukna ríkisaðstoð. Að mati ráðherranna voru almannahagsmunir í húfi við að viðhalda fjarskiptatengingum við umheiminn. Jafnframt væru um 80% af skuldum félagsins með ríkisábyrgð sem féllu á ríkissjóð færi félagið í prot. Þá var talið hagkvæmast fyrir ríkissjóð að tryggja áframhaldandi rekstur félagsins og mikilvægt að niðurstaða fengist í málið svo að forða mætti því frá greiðslufalli 15. apríl 2012. Þá bar því að standa skil á um 225 m.kr. afborgun af láni og var henni mætt með greiðslu samkvæmt þjónustusamningi.

**HAGKVÆMAST AÐ
TRYGGJA ÁFRAM-
HALDANDI REKSTUR**

Farice ehf. rekur sæstrengina FARICE og DANICE sem tryggja fjarskipti Íslands við meginland Evrópu. Félagið varð til við samruna og fjárhagslega endurskipulagningu Eignarhaldsfélagsins Farice ehf. og Farice hf. á árunum 2009–11 vegna verulegs rekstrarvanda þeirra. Þann vanda má einkum rekja til efnahagshrunsins 2008 og brostinna væntinga um starfsemi gagnavera á Íslandi. Ríkissjóður átti hlut í forverum Farice ehf. frá upphafi þeirra og á nú um 30% hlut í Farice ehf. Á árunum 2002–11 lagði ríkissjóður félögunum til samtals 4,2 ma.kr. í formi hlutafjár, skammtímalána eða áhættugjalda sem breytt var í hlutafé. Jafnframt hefur hann veitt rúmlega 7 ma.kr. ábyrgð vegna lántöku félaganna. Þá á Landsvirkjun einnig 29,5% hlut í Farice ehf. Samtals eiga ríkissjóður og félag í eigu hans því um 60% hlut í félaginu.

**4,2 MA.KR.
FRAMLÖG RÍKISINS
2002–11**

Gera verður greinarmun á aðkomu ríkisins að málefnum Farice ehf. og forvera þess fyrir og eftir fjárhagslega endurskipulagningu félagsins. Að sögn fjármála- og efnahagsráðuneytis kom ríkissjóður upphaflega að málum þar sem starfsemin þótti mikilvæg fyrir Ísland og viðskiptaáætlanir sýndu að hún væri arðbær. Framlög og ábyrgðir væru liður í aðgerðum ríkisins til að tryggja öryggi alþjóðlegra fjarskiptatenginga við landið. Þetta markmið kom m.a. fram í fjarskiptaáætlun 2005–10. Fljótlega eftir að fjárhagslegri endurskipulagningu félaganna lauk varð ljóst að forsendur hennar héldu ekki. Þar með snerist aðkoma ríkissjóðs einkum um að tryggja öryggi fjarskiptatenginga við Ísland og hagsmuni ríkissjóðs vegna ríkisábyrgða á skuldum félagsins.

**BREYTILEG AÐKOMA
RÍKISSJÓÐS**

Tap hefur verið á rekstri Farice ehf. og forvera þess frá stofnun og hefur ríkissjóður á undanförunum árum tekið á sig nokkurn hlut af fjárhagslegum byrðum félagsins og auknar ábyrgðir vegna þess. Á árinu 2009 var bókfærð eign hans í félaginu lækkuð um 80% í varfærnissskyni vegna mikillar óvissu og erfiðrar stöðu þess í kjölfar hrunsins. Eignarhlutur ríkissjóðs hélst óbreyttur (25%) en bókfært virði hans féll úr 783 m.kr. í árslok 2008 í 157 m.kr. Á árunum 2009 og 2010 veitti ríkissjóður félaginu

**TAP FRÁ STOFNUN
FÉLAGANNA**



einnig 821 m.kr. í formi fjögurra lána svo að það gæti staðið við skuldbindingar sínar, m.a. afborganir af skuldabréfaláni með ríkisábyrgð sem tekið var á árinu 2009. Lánin átti upphaflega að endurgreiða 2–6 mánuðum eftir veitingu þeirra en voru gerð upp um 14 mánuðum eftir að fyrsta lánið var veitt.

ÁHÆTTUGJALD EKKI GREITT ÞEGAR ÁBYRGÐ VAR VEITT

Í ársbyrjun 2011 var lögboðið áhættugjald vegna ríkisábyrgða frá árunum 2009 og 2010 felld inn í fjárhagslega endurskipulagningu Farice ehf. og heimilaði fjármálaráðuneyti Ríkisábyrgðasjóði að taka við B-hlutabréfunum í félaginu sem fullnaðargreiðslu fyrir gjaldið. Engin önnur dæmi eru um að þessi háttur hafi verið hafður á. Ríkisábyrgð vegna 5 ma.kr. skuldabréfaláns var veitt í maí 2009. Í 4. gr. laga um ríkisábyrgðir segir að áhættugjald skuli greiða í upphafi lánstíma og hefði umrætt gjald því ekki átt að vera meðal óveðtryggðra krafna þegar fjárhagsleg endurskipulagning hófst í desember 2009. Ríkisendurskoðun gerir athugasemd við þetta.

TILTEKIN SKILYRÐI RÍKISÁBYRGÐAR

Þá bendir Ríkisendurskoðun á að ríkissjóði er óheimilt veita ríkisábyrgð nema að uppfylltum tilteknum skilyrðum, m.a. þarf starfsemi að þykja hagkvæm. Í gögnum með lögum um ríkisábyrgðir segir að starfsemi sé hagkvæm standi hún undir greiðslu þeirra lána sem ábyrgð ríkissjóðs er á. Að mati Ríkisendurskoðunar felst mótsögn í því að veita félagi ríkisábyrgð á sama tíma og áhættugjald vegna ríkisábyrgða er ekki greitt með hefðbundnum hætti, félaginu er lánað til að það geti staðið í skilum og eignarhlutur ríkisins í félaginu er lækkaður vegna erfiðrar stöðu þess.

HLUTAFJÁRAUKNING ÁN FORMLEGRAR HEIMILDAR Í 6. GR. FJÁRLAGA

Í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu Farice ehf. lagði ríkissjóður fram alls 2.247 m.kr. aukið hlutfé, 1.591 m.kr. á árinu 2010 og 656 m.kr. á árinu 2011. Alþingi heimilaði hlutfjáraukningu á árinu 2010 í fjáraukalögum þess árs. Í frumvarpi til fjárukalaga 2011 var einnig sótt um heimild fyrir 656 m.kr. hlutfjáraukningu. Jafnframt var tekið fram að hlutfé ríkissjóðs í Farice ehf. hefði á árinu verið aukið um 656 m.kr. í samræmi við samkomulag við lánardrottna og meðeigendur um fjárhagslega endurskipulagningu félagsins. Af því orðalagi sem og fylgiskjölum í fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins og því að heimildarinnar er ekki getið í 4. gr. fjárukalaga 2011 verður ekki annað ráðið en að greiðslan hafi farið fram án þess að formleg heimild lægi fyrir. Heimilda til breytinga á eignarhlutum ríkissjóðs er jafnan getið formlega í 6. gr. fjárlaga en svo var ekki vegna hlutfjáraukningarinnar á árinu 2011. Ríkisendurskoðun gerir athugasemd við þetta.

ÓLJÓS HEIMILD FJÁRAUKALAGA

Með vísan í heimild 4. gr. fjárukalaga 2010 veitti fjármálaráðherra félaginu ríkisábyrgð vegna 400 m.kr. láns á því ári. Að mati Ríkisendurskoðunar má deila um hvort sú heimild sé fullnægjandi. Í fjárukalögum 2010 var veitt heimild til að auka hlut ríkissjóðs og taka þátt í fjárhagslegri endurskipulagningu Farice ehf. Ekki kom fram hve mikla fjárskuldbindingu ríkið tæki á sig vegna endurskipulagningarinnar eða hvernig yrði að henni staðið en allt bendir til þess að lagaheimildin hafi verið túlkuð fremur vítt. Fjármála- og efnahagsráðuneyti getur þess að þegar hún var veitt hafi verið ljóst að fjárhagsstaða félagsins var veik og mikilvægt að ríkissjóður gæti komið að endurskipulagningunni til að vernda hagsmuni ríkisins sem kröfuhafa í félaginu. Þá lá formlegt mat Ríkisábyrgðasjóðs ekki fyrir vegna þessa eins og lög gera ráð fyrir.

SKULDBINDINGAR Í FORMI GREIÐSLNA OG EFTIRLITS

Í þjónustusamningi Fjarskiptasjóðs og Farice ehf. er samið um greiðslur sem nálgast alla fjárheimild sjóðsins samkvæmt frumvarpi til fjárlaga 2013, 251,9 m.kr. Áætlaðar greiðslur á árinu vegna þjónustusamningsins eru 236,6 m.kr. Ríkisendurskoðun bendir á að Fjarskiptasjóður verði að hafa fjárhagslegt bolmagn til að fylgja eftir skuldbindingum samningsins, bæði greiðslum samkvæmt honum og eftirliti með framkvæmd hans.

Þjónustusamningurinn var gerður með fyrirvara um samþykki Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA). Reglur ESA um greiðslur fyrir opinbera þjónustu tilgreina viss skilyrði svo að ríkisaðstoð samræmist EES-samningnum. Stofnunin hefur enn sem komið er ekki metið þá aðferðafræði sem samningurinn kveður á um að beita skuli við að ákveða greiðslur til Farice ehf. en þær taka mið af áætlunum félagsins um tekjur og gjöld. Sýni áætlun tap sem rekja má til opinberrar þjónustu mun Fjarskiptasjóður greiða það sem upp á vantar auk ásættanlegs hagnaðar. Þá hefur ESA til skoðunar hvort sú þjónusta sem Farice ehf. er falið að sinna samkvæmt þjónustusamningnum sé nægilega skilgreind.

ESA METUR ÞJÓNUSTU- SAMNINGINN

Greiðsla samkvæmt þjónustusamningnum í apríl 2012 var innt af hendi á grundvelli 33. gr. fjárreiðulaga þar sem vísað er í ófyrirséð atvik. Í því sambandi vill Ríkisendurskoðun benda á að stjórnvöldum hefur verið kunnugt um vanda Farice ehf. frá árinu 2009. Einnig hefur verið ljóst að rekstrargrundvöllur félagsins yrði einungis tryggður með auknum tekjum frá gagnaverum. Af umræðum á Alþingi að dæma hefur slíkt ekki þótt fast í hendi allt frá árinu 2010. Hefur m.a. verið bent á að verðskrá félagsins sé of há miðað við samkeppnisaðila í Evrópu. Þá gat fjármálaráðherra þess á Alþingi 25. apríl 2012 að fljótlega eftir að endurskipulagningu lauk á árinu 2011 hefði verið ljóst að forsendur hennar héldu ekki.

GREITT Á GRUND- VELLI 33. GR. FJÁRREIÐULAGA

Í frumvörpum til fjárukalaga 2012 og fjárlaga 2013 er gert ráð fyrir að Fjarskiptasjóður greiði Farice ehf. alls 710 m.kr. á árunum 2012–14. Samningurinn er þó til ársins 2016. Ekki eru tilgreindar fjárhæðir í samningnum en fjármála- og efnahagsráðuneyti telur slíkt ekki nauðsynlegt til að takmarka fjárskuldbindingu ríkisins samkvæmt samningum. Þetta samræmist þó ekki reglugerð nr. 343/2006 um samninga um rekstrarverkefni sem ráðuneyti og ríkisstofnanir gera til lengri tíma en eins árs. Þar er skýrt kveðið á um að í samningi skuli koma fram upplýsingar um heildarfjárskuldbindingu, einingaverð og áætlaðar árlegar greiðslur. Ríkisendurskoðun gerir athugasemd við þetta.

FJÁRHÆÐIR EKKI TILGREINDAR Í SAMNINGI

Þrátt fyrir 225 m.kr. framlag ríkissjóðs til Farice ehf. í apríl 2012 var tap félagsins á fyrstu sex mánuðum ársins 2012 um 172 m.kr. meira en tap á sama tíma árið áður samkvæmt árshlutareikningi félagsins. Ekki lítur því út fyrir að framlag ríkissjóðs nægi til að rétta rekstur félagsins af. Skuldir þess eru bundnar skilmálum sem að hluta til tengjast rekstrarhagnaði. Verði hann minni en lánaskilmálar tilgreina er lánveitanda heimilt að gjaldfella allt lánið. Takist ekki að semja við lánveitendur getur það leitt til gjaldþrots. Jafnframt þyrfti ríkissjóður að standa skil á þeim lánum sem hann ábyrgist, alls um 7 ma.kr. í árslok 2011. Farice ehf. uppfyllir ekki alla lánaskilmála en hefur samið við lánveitendur um að gjaldfella ekki lánin að svo stöddu. Félagið á einnig í viðræðum við lánveitendur um breytingar á lánaskilmálum.

172 M.KR. MEIRA TAP FYRSTU 6 MÁNUÐI 2012 EN Á SAMA TÍMABILI 2011

Slæmt gengi Farice ehf. á fyrri hluta árs 2012 gefur til kynna að fjárþörf félagsins sé meiri en talið hefur verið. Ríkissjóður gæti því þurft að leggja meira til svo að það geti staðið í skilum með lán sín. Í samtölum við fulltrúa Farice ehf. og fjármála- og efnahagsráðuneyti í nóvember 2012 kom fram að áætlanir hafi nú verið uppfærðar. Í áætlun frumvarpa til fjárukalaga 2012 og fjárlaga 2013 var miðað við áætlun Farice ehf. eins og hún var fyrir gerð þjónustusamningsins í apríl 2012. Síðan þá hefur hún breyst, m.a. vegna gengisbreytinga, lánaskilmála og nýrra samninga um tekjur frá fjarskiptafyrirtækjum. Nú er gert ráð fyrir að félagið þurfi um 400 m.kr. greiðslur frá Fjarskiptasjóði á árunum 2013 og 2014 en eftir það fari greiðslurnar lækkandi. Áður hafði verið áætlað að á árunum 2013 og 2014 yrði framlag ríkissjóðs samtals 355 m.kr. og

FRAMLAG RÍKISINS HÆKKAR

eftir það yrði félagið sjálfbært. Í frumvarpi til fjárlaga 2013 kemur fram að fjárhagsleg áhætta ríkissjóðs geti aukist standist tekjur Farice ehf. ekki áætlanir næstu árin og taprekstur haldi áfram. Þessi áhætta er háð þróun gagnaversiðnaðar á Íslandi.

ÁBENDINGAR TIL FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐUNEYTIS

1. SKILYRÐI LAGA UM RÍKISÁBYRGÐ BER AÐ VIRÐA

Ríkissjóði er óheimilt að takast á hendur ríkisábyrgð nema að uppfylltum ákveðnum skilyrðum laga. Mikilvægt er að fjármála- og efnahagsráðuneyti gangi úr skugga um að slík skilyrði séu virt þegar ríkisábyrgðir eru veittar.

2. TRYGGJA VERÐUR FULLNÆGJANDI SKÝRINGAR Í FRUMVÖRPUM TIL LAGA

Ríkisendurskoðun hvetur fjármála- og efnahagsráðuneyti til að tryggja að greinargerð með frumvarpi til fjár- og fjáráukalaga hverju sinni geymi fullnægjandi skýringar á og upplýsingar um umfang og eðli þeirra skuldbindinga sem áformað er að stofna til á grundvelli umbeðinna heimilda.

3. TAKMÖRK ÆTTU AÐ VERA Á UMSÖMDUM SKULDBINDINGUM RÍKISINS

Mikilvægt er að upplýsingar um heildarfjárskuldbindingu, einingaverð og áætlaðar árlegar greiðslur komi fram í samningum sem ríkisaðilar gera fyrir hönd ríkisins. Þar ber að hafa í huga leiðbeiningar reglugerðar nr. 343/2006 um samninga um rekstrarverkefni sem ráðuneyti og ríkisstofnanir gera til lengri tíma en eins árs. Að mati Ríkisendurskoðunar á þetta einnig við um samninga sem undanþegnir eru lögum um opinber innkaup.

ÁBENDING TIL INNANRÍKISRÁÐUNEYTIS

1. TRYGGJA ÞARF FJARSKIPTASJÓÐI NÆGILEGT FJÁRMAGN

Mikilvægt er að innanríkisráðuneyti tryggi að Fjarskiptasjóður hafi fjárhagslegt bolmagn til að fylgja eftir þeim skuldbindingum sem felast í þjónustusamningi sjóðsins við Farice ehf., ekki aðeins greiðslum til félagsins heldur einnig eftirliti með framkvæmd samningsins.

ÁBENDING TIL FJARSKIPTASJÓÐS

1. SKILGREINA ÞARF FJÁRHAGSLEG TAKMÖRK VEGNA ÞJÓNUSTUSAMNINGS

Upplýsingar um heildarfjárskuldbindingu, einingaverð og áætlaðar greiðslur ættu að koma fram í þjónustusamningi við Farice ehf. Mikilvægt er að Fjarskiptasjóður bæti úr þessum annmarka samningsins.

VIÐBRÖGÐ VIÐ ÁBENDINGUM

VIÐBRÖGÐ FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐUNEYTIS

„INNGANGUR

Með bréfi Ríkisendurskoðunar sem dagsett er föstudaginn 9. nóvember s.l. er óskað eftir efnislegum athugasemdum ráðuneytisins við drög að skýrslu stofnunarinnar um „Aðkomu ríkisins að alþjóðlegum fjárskiptatengingum við Ísland“. Bréfið er skráð í mála-skrá ráðuneytisins strax að morgni mánudags 12. nóvember og samhliða úthlutað til viðkomandi starfsmanna til úrvinnslu. Þeim gafst því í reynd einungis rúmur sólarhringur til að taka skýrsludrögin til efnislegrar umfjöllunar og skila skriflegum svörum Ríkisendurskoðunar taldi að „lengri frestur [væri] ekki mögulegur þar sem lögð [væri] áhersla á að ljúka gerð skýrslunnar áður en Alþingi lýkur umræðu um frumvörp til fjárukalaga og fjárlaga 2013.“ Að beiðni ráðuneytisins var sá frestur framlengdur til hádegis föstudagsins 16. nóvember. Ráðuneytið telur stjórnsýsluúttektir mikilvægar fyrir framkvæmdavaldið, til að bæta skilvirkni og árangur og koma á umbótum í ríkisrekstri, enda byggist þær á efnilegri skoðun á þeim málefnum sem slík úttekt beinist að. Ráðuneytið gagnrýnir að sá frestur sem því er veittur skuli ráðast af öðrum sjónarmiðum en þeim að gefa skýra og rétta mynd af málum og að gefa hagsmunaaðilum kost á að ljúka tilhlýðilegri umfjöllun um efnisatriði úttektarinnar. Fyrir liggur að Ríkisendurskoðunar hóf skoðun á þessu máli í byrjun sumars 2012 og að ráðuneytinu voru afhent endanleg drög skýrslunnar s.l. föstudag.

Með bréfi Ríkisendurskoðunar, dags. 1. október s.l., er ráðuneytið upplýst um að ákveðið hafi verið að ráðast í nefnda úttekt. Markmið úttektarinnar voru sögð að kanna aðkomu ríkisins að málefnum Farice m.t.t. eignarhlutar ríkisins í félaginu, ríkisábyrgða á skuldum félagsins og tilkomu þjónustusamningsins sem gerður var í apríl s.l. Aðkoma fjármálaráðuneytisins tengist umfjöllun í skýrslunni um ríkisábyrgðir, fyrirvar eignarhluta ríkisins í Farice frá árinu 2010, þegar eignafyrirvar færðist frá samgönguráðuneyti til fjármálaráðuneytis, og loks umfjöllun um þjónustusamning milli Fjárskiptasjóðs og Farice, einkum að því er varðar hlutverk ráðuneytisins í tengslum við samskipti við ESA vegna ríkisaðstoðar. Skýrslan er hins vegar sett fram með þeim hætti að umfjöllun um þessi ólíku atriði er blandað saman í einstökum köflum hennar en ekki haldið vel aðgreindum eins og hlýtur að teljast eðlilegt í faglegri umfjöllun um mál sem þetta. Á þetta ekki síst við um niðurstöðukaflann. Þá skal bent á að umfjöllun í skýrslunni um Farice fer að mati ráðuneytisins langt út fyrir þá afmörkun sem sett er fram í fyrrnefndu bréfi stofnunarinnar. Í þessu sambandi vill ráðuneytið benda á að í upplýsingastefnu Ríkisendurskoðunar er sérstaklega kveðið á um að ekki skuli birta upplýsingar ef slíkt er talið geta skaðað viðkomandi starfsemi. Skýrslan ætti því að mati ráðuneytisins að einskorðast frekar við athugun stofnunarinnar á stjórnsýslulegri meðferð málsins hjá

þeim stjórnvöldum sem komað hafa að því fyrir hönd ríkisins en ætti ekki að snúast um fjárhagslega stöðu einkahlutafélagsins Farice. Ráðuneytið vill auk þess benda á að í umfjöllun um ríkisábyrgðir er blandað saman aðgerðum og ákvörðunum sem teknar voru á grundvelli samnings við kröfuhafa vegna fjárhagslegrar endurskipulagningar félagsins án þess að það sé útskýrt sérstaklega. Loks er bent á að mál er varða Farice sætir nú umfjöllun Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA). Umfjöllun skýrslunnar um þau mál sem þar eru til skoðunar stangast að mati ráðuneytisins á við þær almennu reglur og viðmiðanir sem eftirlitsstofnar fara eftir, með því að taka ekki mál til efnislegrar umfjöllunar á sama tíma og þau eru til ítralegrar skoðunar hjá ESA. Má í því samhengi t.d. nefna Samkeppnistofnun og umboðsmann Alþingis.

AÐKOMA RÍKISINS AÐ FJARSKIPTASAMBANDI ÍSLANDS

Vegna umfjöllunar í úttekt stofnunarinnar vill ráðuneytið áréttta stuttlega þær þjóðhagslegu og viðskiptalegu forsendur sem lágu að baki lagningu sæstrengjanna Farice og Danice. Þar var fyrst og fremst litið til þess að tryggja fjarskiptasamband Íslands við umheiminn. Engum vafa er undirorpið að um er að ræða grunnvirki sem gegna mikilvægu hlutverki fyrir íslenskt samfélag.

Til viðbótar við framangreind sjónarmið var fyrirséð að tækifæri lægu í því að á Íslandi kæmist á fót orkufrekur iðnaður sem hefði þörf fyrir umtalsverða gagnaflutninga. Þannig komu að stofnun félagsins íslensk og færeysk stjórnvöld, auk símafélaga í báðum löndum og síðar bættust þrjú íslensk orkufyrirtæki við hóp hluthafa. Þessir aðilar töldu viðskiptalegar forsendur vera fyrir aðkomu að rekstri sæstrengjanna og að hagnaður gæti orðið af starfseminni. Áhættan af þátttöku í verkefninu var því talin ásættanleg. Þessu til staðfestingar má vísa til mats tveggja óháðra sérfræðinga, sem lagt var fyrir ESA vegna athugunar á aðkomu ríkisins að lagningu Danice, sbr. ákvörðun stofnunarinnar 2008. Niðurstaða þeirra beggja var að fjárfestingin í Danice væri arðvænleg og fjárhagsáætlanir félagsins rauhæfar. Í úttekt annars þeirra var einnig gert ráð fyrir að áætlanir um uppbyggingu gagnavera myndu ekki ganga eftir, en jafnvel að því gefnu voru niðurstöðurnar jákvæðar. Hins vegar var í matsgerðunum ekki reiknað með hugsanlegum áhrifum dýpstu efnahagslæggðar sem gengið hefur yfir Evrópu síðari ár enda nánast ómögulegt að sjá það fyrir. Niðurstaða ESA í því máli var að þátttaka íslenska ríkisins í hlutfjárakningunni í tengslum við Danice verkefnið væri í samræmi við svokallaða markaðsfjárfestisreglu, þ.e. hún væri á forsendum sem væru ásættanleg fyrir einkafjárfesti á markaði. Því fælist ekki ríkisaðstoð í viðkomandi ráðstöfunum.

ÁHRIF ALÞJÓÐLEGRAR EFNAHAGSKREPPU Á ÞJÓNUSTUNA OG VIÐBRÖGÐ RÍKISINS VIÐ HENNI

Varðandi umfjöllun Ríkisendurskoðunar um veitingu ríkisábyrgða og aðra þætti sem snúa að aðkomu ríkisins að fjárhagslegri endurskipulagningu á árunum 2009-2011 þá telur ráðuneytið nauðsynlegt að taka mið af því fordæmalaus ástandi sem skapaðist á Íslandi eftir hrún fjármálakerfisins haustið 2008. Fyrir þann tíma höfðu viðræður átt sér stað við bæði Kaupþing og NIB um endanlega fjármögnun og voru báðir aðilar jákvæðir á þátttöku í fjármögnun, en þessi vilyrði urðu að engu við hrúnið og lánamarkaðir lokuðust nær alveg. Á sama tíma var lagning Danice strengsins í fullum gangi og sá möguleiki ekki til staðar að fresta verkefninu eða hætta við það. Á fyrri hluta ársins 2008 veitti Landsvirkjun félaginu brúarlán ásamt því að Kaupþing veitti því tvívegis brúarlán á árinu 2008 sem voru framlengd nokkrum sinnum meðan leitað var allra leiða til að

fjámgagna verkefnið á upphaflegum forsendum. Þegar ljóst var að ekki tækist að ljúka fjármögnun nema ríkisábyrgðar nyti við var leitað eftir heimild Alþingis sem veitti hana í fjárlögum ársins 2009. Á grundvelli hennar var í apríl 2009 tekin ákvörðun um að bjóða út 5 ma.kr. skuldabréfaflokk í íslenskum krónum til 25 ára.

Á seinni hluta árs 2009 varð ljóst að breyttar forsendur varðandi uppbyggingu gagnavera á Íslandi leiddu til þess að félagið myndi ekki geta staðið við skuldbindingar sínar gagnvart lánadrottnum. Því leitaði félagið eftir samkomulagi við lánadrottna um fjárhagslega endurskipulagningu félagsins í október 2009, sem miðaði að því að létta á skuldum og auka eigið fé þannig að félagið yrði rekstrarhæft. Þá var allt hlutafé félagsins fært niður sem nam uppsöfnuðu tapi félagsins. Ríkissjóður átti aðkomu að þessari fjárhagslegu endurskipulagningu, annars vegar sem einn af eigendum Farice og hins vegar sem ábyrgðaraðili á lánum í gegnum Ríkisábyrgðasjóð. Þá var jafnframt skýrt markmið að lágmarka kostnað ríkissjóðs. Í fjárukalögum ársins 2010 veitti Alþingi fjármálaráðherra heimild til þess að auka hlut ríkissjóðs í Farice hf. og taka ásamt öðrum eigendum félagsins þátt í fjárhagslegri endurskipulagningu þess.

Niðurstaða hinnar fjárhagslegu endurskipulagningar var að lánum félagsins var skipt í tvo flokka og var ótryggðum lánum breytt í hlutafé. Höfuðstóll lána með tryggingu, en ríkissjóður var í ábyrgð fyrir nær öllum þeim lánum, helst óbreyttur en reynt var að semja við lánveitendur um lækkun á vaxtakjörum, lengingu lánstíma og fleiri þætti. Samhliða þessu juku ríkissjóður og Landsvirkjun hlut sinn í félaginu með innborgun á nýju hlutafé. Endursamið var við birgja og jafnframt samið við aðra kröfuhafa um að í stað þess að krafa Ríkisábyrgðasjóðs um ríkisábyrgjargjald yrði afskrifað til jafns við aðrar almennar kröfur, yrði því breytt í hlutafé. Þá féllust kröfuhafar ennfremur á að greiðslur sem ríkissjóður myndi inna af hendi á kyrrstöðutímabilinu vegna lána með ríkisábyrgð yrði ekki færð meðal almennra krafna heldur yrði þeim skuldajafnað á móti greiðslu aukningar hlutafjár. Við þessa endurskipulagningu var gert ráð fyrir tekjuaukningu, m.a. vegna tekna frá gagnaverum. Að mati ráðuneytisins var um ásættanlegar ráðstafanir að ræða, undir þeim erfiðu kringumstæðum sem voru til staðar.

NIÐURLAG

Fjármála- og efnahagsráðuneytið telur þær aðgerðir sem gripið var til á árunum 2009-2011 eðlilegar þegar tekið er tillit til þess ástands sem blasti við haustið 2008 og næstu misseri á eftir varðandi lánamarkaði og gjörbreyttar rekstrarforsendur fyrirtækja og meðal annars í fjarskiptaiðnaði. Unnið var markvisst að því að tryggja almannahagsmuni vegna fjarskiptatenginga við útlönd, tryggja hagsmuni ríkissjóðs sem hluthafa og ábyrgðaraðila á lánum sem tengdust sæstrengjunum og lágmarka kostnað ríkissjóðs af aðgerðunum. Ráðuneytið starfaði á grundvelli heimilda í fjárlögum og fjárukalögum og voru þær heimildir eins skýrar og hægt var að ætlast til miðað við þá óvissu sem til staðar var varðandi eðli og umfang þeirra aðgerða sem grípa þurfti til. Í reglum fjármála- og efnahagsráðuneytisins um gerð samninga er kveðið á um að sett verði fram viðmið sem takmarkar umsamdar skuldbindingar. Hins vegar geta komið upp tilvik þar sem ekki er hægt að setja fram afgerandi viðmið um heildarskuldbindingu í samningum. Í þeim tilfellum þarf að liggja fyrir áætlun um fjárhagsforsendur samningsins og með hvaða hætti eftirlit með framkvæmd hans er háttáð í því skyni að fylgja eftir forsendum hans og lágmarka kostnað ríkisins. Varðandi skuldbindingu vegna þjónustusamnings Fjar-

skiptasjóðs við Farice er vísað til Fjarskiptasjóðs og innanríkisráðuneytis sem eru aðilar að samningnum og eru samkvæmt honum eftirlitsaðilar með framkvæmd hans.“

VIÐBRÖGD INNANRÍKISRÁÐUNEYTIS

1. TRYGGJA ÞARF FJARSKIPTASJÓÐI NÆGILEGT FJÁRMAGN

„Ráðuneytið tekur fyllilega undir þau sjónarmið að nauðsynlegt sé að tryggja að Fjarskiptasjóður hafi fjárhagslegt bolmagn til þess að fylgja eftir þeim skuldbindingum sem felast í samningnum. Er það mat ráðuneytisins að slíkt þurfi að tryggja bæði hvað varðar greiðslur til Farice ehf. og eftirlit með framkvæmd samningsins, enda var fyrirvari um samþykki fjárveitingar frá Alþingi sett inn í samninginn að tilstuðlan innanríkisráðuneytis. Samþykki Alþingi ekki fjárveitinguna fellur samningurinn úr gildi.

Var það mat innanríkisráðuneytisins að Fjarskiptasjóður hefði nægjanlega burði til þess að fylgja eftir eftirliti með samningnum, sem skyldi útfært nánar í viðauka við samninginn. Þess ber að geta að Fjarskiptasjóður er með samning við ráðuneytið, sem felur í sér að sjóðurinn hefur aðgengi að starfsmönnum ráðuneytisins eftir þörfum.

Nú liggur fyrir að sjóðurinn hefur gert samning við sjálfstæðan eftirlitsaðila, líkt og heimild er fyrir skv. 13. gr. samningsins, en var það mat sjóðsins að heppilegast væri að fela eftirlitið sjálfstæðum aðila og hefur gert samning þess efnis við PWC, sem hefur tekið að sér hlutverk eftirlitsaðila. Gert er ráð fyrir kostnaði í tengslum við eftirlitið. Þess ber þó að geta að skv. 14. gr. samningsins ber Farice ehf. kostnað af endurskoðun, ef Fjarskiptasjóður krefst þess.

Fjarskiptasjóður hefur yfir takmörkuðum fjármunum að ráða, en telur ráðuneytið engu að síður að sjóðurinn hafi bolmagn til að standa undir eftirlitinu. Þegar frumniðurstöður eftirlitsaðila liggja fyrir um umfang eftirlits, mun það verða tekið fyrir og gripið til aðgerða ef þörf krefur, þ.e. sóst eftir aukinni fjárveitingu vegna eftirlits.“

VIÐBRÖGD FJARSKIPTASJÓÐS

1. SKILGREINA ÞARF FJÁRHAGSLEG TAKMÖRK VEGNA ÞJÓNUSTUSAMNINGS

„Fjarskiptasjóður tekur undir ábendingar Ríkisendurskoðunar að upplýsingar um áætlaða heildarfjárskuldbindingu og áætlaðar greiðslur hefði mátt útfæra á skilgreindan hátt í samningnum eða fylgiskjali 1. Hinsvegar liggur fyrir minnisblað til ríkisstjórnar sem ákvörðun stjórnar Fjarskiptasjóðs byggist á, þar sem fram kemur að ríkisstjórn telji nauðsynlegt að gera samninginn, auk áætlana sem Farice ehf. skilaði til fjármála- og efnahagsráðuneytisins vegna málsins og raktar eru í skýrslunni, þar sem er að finna allar tölur sem liggja til grundvallar samningnum. Mikilvægt er að tryggja að áætlanir félagsins séu lagðar reglulega fram, uppfærðar, þannig að tryggja megi heildaryfirsýn yfir áætlaða heildarfjárskuldbindingu með fyrirvara um samþykki Alþingis á fjárheimildum.

Fjarskiptasjóður óskar eftir leiðbeiningum Ríkisendurskoðunar um það hvernig æskilegt er að setja fram upplýsingar um áætlaða heildarfjárskuldbindingu og áætlaðar greiðslur, í samninginn, þegar um er að ræða verkefni þar sem ríkir mikil óvissa og líkur til þess að áætlanir geti breyst.

Fjarskiptasjóður mun taka ábendingar Ríkisendurskoðunar til skoðunar á fundi stjórnar Fjarskiptasjóðs, og hvort og þá hvernig mögulegt sé að bæta úr þeim annmörkum sem Ríkisendurskoðun telur vera á samningi Fjarskiptasjóðs og Farice ehf.“

1 INNGANGUR

Ríkisendurskoðun er sjálfstæð eftirlitsstofnun Alþingis og sækir heimild sína til stjórn-sýsluendurskoðunar í 9. gr. laga nr. 86/1997 um stofnunina. Þar kemur m.a. fram að slík endurskoðun felist í því að „kanna meðferð og nýtingu ríkisfjár, hvort hagkvæmni og skilvirkni sé gætt í rekstri stofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins og hvort gildandi laga-fyrirmælum sé framfylgt í þessu sambandi“. Stofnunin gerir hlutaðeigandi stjórnvöld-um grein fyrir niðurstöðum sínum og bendir á leiðir til úrbóta.

Við endurskoðun ríkisreiknings 2011 vöktu athygli Ríkisendurskoðunar upplýsingar um aðkomu ríkisins að málefnum Farice ehf. í formi eignarhluts þess í félaginu, ríkisábyrgða á lánum þess og þjónustusamnings Fjarskiptasjóðs við það í apríl 2012. Eftir nokkrar viðræður við fulltrúa fjármála- og efnahagsráðuneytis og Farice ehf. ákvað stofnunin í september 2012 að kanna nánar aðkomu ríkisins. Lögð var áhersla á að ljúka úttektinni áður en Alþingi afgreiddi fjárukalög 2012 og fjárlög 2013 en þar eru teknar fyrir fjárveit-ingar vegna áður nefnds þjónustusamnings.

1. nóvember 2012 gerði Ríkisendurskoðun Farice ehf., fjármála- og efnahagsráðuneyti, innanríkisráðuneyti, Ríkisábyrgðasjóði og Fjarskiptasjóði grein fyrir frumniðurstöðum út-tektaþinginnar með minnisblaði og á fundum til að auðvelda þeim umsagnir sínar um væntanleg skýrsludrög. Með tölvubréfi frá 6.11. upplýsti Ríkisendurskoðun fjárlaganefnd einnig um að skýrslan væri á lokastigi og gæti haft þýðingu í umræðum þingsins um fjárlög 2013 og fjárukalög 2012. Skýrsludrög voru send umsagnaraðilum 9.11. og þeim gerð grein fyrir mikilvægi þess að viðbrögð bærust skjótt. Gefinn var frestur til að skila athugasemdum til dagsloka 13.11. en hann síðan lengdur til hádegis 16.11.

Í skýrslunni er fjallað um fjárhag einkahlutafélaga sem að stórum hluta eru eða hafa verið í eigu íslenska ríkisins. Talið var nauðsynlegt að gera grein fyrir fjárhagsstöðu þeirra þegar ríkissjóður kom að rekstri þeirra, ýmist í formi hlutafjárframlaga, skammtímalána eða ríkisábyrgða. Þá miðast fjárhagsleg skuldbinding þjónustusamningsins við áætlanir Farice ehf. um tekjur og gjöld. Umfjöllun Ríkisendurskoðunar um fjárhag félaganna byggir m.a. á upplýsingum í ársreikningum, fjölmiðlum, ríkisreikningum, fjárlögum og minnisblöðum ráðherra. Við yfirferð þessara gagna var stuðst við lög og reglur um ríkisábyrgðir, Fjar-skiptasjóð og þjónustusamninga og ákvarðanir Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA).

Upplýsinga var aflað hjá Farice ehf., fjármála- og efnahagsráðuneyti, innanríkisráðuneyti, Ríkisábyrgðasjóði og Fjarskiptasjóði. Sömu aðilar fengu auk þess drög að skýrslunni til umsagnar. Þá var sérstaklega óskað eftir viðbrögðum fjármála- og efnahagsráðuneytis, innanríkisráðuneytis og Fjarskiptasjóðs við þeim ábendingum sem til þeirra er beint. Ríkisendurskoðun þakkar þessum aðilum samstarfið.

**EIGNARHLUTUR,
RÍKISÁBYRGÐ OG
SAMNINGUR**

**NAUÐSYNLEGAR
UPPLÝSINGAR UM
FJÁRHAG**

2 ALPJÓÐLEG FJARSKIPTI, RÍKISSJÓÐUR OG FARICE EHF.

2.1 ALPJÓÐLEGAR FJARSKIPTATENGINGAR

Sæstrengurinn CANTAT-3 var tekinn í notkun á árinu 1994. Vegna tíðra bilana varð fljótlega ljóst að leggja þyrfti annan sæstreng til að tryggja rafræna gagnaflutninga milli Íslands og annarra landa. Varaleið fyrir slíka flutninga var þá um gervihnetti. Undirbúningur að lagningu nýs strengs hófst á árinu 2000 og var Farice hf. stofnað árið 2002 til að tryggja fjármögnun og rekstur nýrrar alþjóðlegrar ljósleiðaratengingar fyrir Ísland og Færeyjar, m.a. með aðkomu stórra fjarskiptafyrirtækja í löndunum tveimur. Ríkissjóður var meðal stofnenda og veitti ríkisábyrgð vegna lántöku í tengslum við FARICE-verkefnið á árunum 2003 og 2004. Rökin fyrir aðstoðinni voru þau að vegna legu landsins væri mikilvægt að landsmenn hefðu hagkvæmar og áreiðanlegar fjarskiptatengingar. Þáverandi tengingar, CANTAT-3 og gervihnettir, væru hvorki áreiðanlegar né viðunandi fyrir efnahagslífið. Þátttaka ríkissjóðs væri mikilvægur liður í því að gera verkefnið framkvæmanlegt. Án afskipta hans myndi framkvæmdin annaðhvort tefjast eða ekki verða að veruleika.

Eignarhaldsfélagið Farice ehf. var stofnað árið 2003. Upphaflegt hlutverk þess var að fara með eignarhluti íslenskra aðila í Farice hf. Á árinu 2007 tók það síðan við forræði í sönefndu DANICE-verkefni eftir að starfshópur samgönguráðherra lagði til að nýr sæstrengur yrði lagður milli Íslands og Evrópu. Lagningu þess strengs lauk á árinu 2009. Ríkissjóður hefur átt hlut í félaginu frá upphafi og veitti því ríkisábyrgð vegna DANICE-verkefnisins á árinu 2009.

Í fjarskiptaáætlun 2005–10 var gerð sú lágmarkskrafa að ávallt væru tveir sæstrengir tengdir við landið, auk varasambanda um gervihnött. Þátttaka ríkissjóðs í DANICE-verkefninu var liður í því að tryggja öryggi fjarskipta Íslands en talið var að úrbóta væri þörf fyrir árið 2009 þar sem tækni CANTAT-3 strengsins yrði þá úrelt og flutningsgeta hans of lítil miðað við aukna umferð á internetinu. Umræða um mögulega starfsemi gagnavera á Íslandi hafði líka sitt að segja. Ljóst var að til að slík starfsemi hefðist hérlendis þyrftu að vera a.m.k. tveir sæstrengir milli Íslands og Evrópu.

Á árinu 2009 gekk Eignarhaldsfélaginu Farice ehf. og Farice hf. illa að standa við skuldbindingar sínar, m.a. vegna afleiðinga hrunsins, og reyndist nauðsynlegt að hefja fjárhagslega endurskipulagningu félaganna (sbr. kafla 3). Ríkissjóður kom að henni í formi hlutafjárúknunar, ríkisábyrgða og skammtímalána til að tryggja öryggi alþjóðlegra fjarskiptatenginga við Ísland. Endurskipulagningin hafði m.a. í för með sér niðurfærslu hlutafjár, sameiningu félaganna í félagið Farice ehf., breytingu á hluthöfum og breytingu skulda í hlutafé.

**RÍKISSJÓÐUR MEÐAL
STOFNENDA**

**KRAFA UM TVÖ
SÆSTRENGI**

**FJÁRHAGSLEG
ENDURSKIPULAGNING
HÓFST 2009**



Mikilvægt er að gera greinarmun á aðkomu ríkisins að málefnum Farice ehf. og forvera þess fyrir og eftir fjárhagslega endurskipulagningu. Að sögn fjármála- og efnahagsráðuneytis kom ríkissjóður upphaflega að málum sem fjárfestir þar sem viðskiptaáætlanir, sem m.a. voru yfirfarnar af óháðum aðilum, sýndu að um væri að ræða arðbæra starfsemi. Auk þess væri starfsemin mikilvæg fyrir Ísland. Þetta kom m.a. fram í fjarskiptaáætlun 2005–10. Með breyttum forsendum starfseminnar, m.a. vegna efnahagsástands og þróunar gagnaversiðnaðar, snerist aðkoma ríkissjóðs einkum um að tryggja öryggi alþjóðlegra fjarskiptatenginga við Ísland og standa vörð um hagsmuni ríkissjóðs vegna ríkisábyrgða á skuldum félagsins.

2.2 EIGNARHLUTUR RÍKISINS Í FARICE EHF. OG FORVERUM

Eins og áður sagði hefur ríkissjóður átt hlut í Farice hf. og Eignarhaldsfélaginu Farice ehf. frá stofnun þeirra (sbr. töflu 2.1). Á árinu 2007 var ákveðið að auka hlutfé í Eignarhaldsfélaginu Farice ehf. um 1,9 ma.kr. og samþykkti ríkissjóður að leggja fram 184 m.kr. Fjórðungur hlutfjárins var greiddur á árinu 2007 og eftirstöðvarnar á árinu 2008.

2.1	Þróun hlutfjár í Eignarhaldsfélaginu Farice ehf. 2004–08				
	2004	2005	2006	2007	2008
HLUTAFÉ Í M.EUR	12	12	12	17	31
HLUTAFÉ Í M.KR. ¹	976	875	1.101	1.523	5.155
HLUTUR RÍKISSJÓÐS Í M.KR. ²	568	509	641	594	1.289
HLUTUR RÍKISSJÓÐS	58,2%	58,2%	58,2%	39%	25%

Fjárhagsleg endurskipulagning félagsins sem hófst árið 2009 hafði veruleg áhrif á hlut ríkissjóðs í félaginu. Ákveðið var að færa eignarhlut hans niður um 80% vegna mikillar óvissu og erfiðrar stöðu félagsins. Eignarhlutur hans nam enn 25% eins og árið áður en virði hlutarins var skráð 157 m.kr. í ríkisreikningi 2009 í stað 783 m.kr. í árslok 2008. Samkvæmt ársreikningi félagsins fyrir árið 2009 stóð hlutfé í stað frá fyrra ári og voru breytingar á eignarhlut ríkissjóðs eingöngu vegna gengisbreytinga.

2.2	Þróun hlutfjár í Farice ehf. 2009–2011		
	2009	2010	2011
HLUTAFÉ Í M.EUR	31	75	83
HLUTAFÉ Í M.KR.	5.420	11.518	13.171
HLUTUR RÍKISSJÓÐS Í M.KR. ²	1.355	3.237	3.975
HLUTUR RÍKISSJÓÐS	25%	28,1%	30,2%

Við endurskipulagninguna lagði ríkissjóður fram samtals 2.247 m.kr. í aukid hlutfé, 1.591 m.kr. á árinu 2010 og 656 m.kr. á árinu 2011. Óskað var eftir heimild til að auka hlut ríkisins um allt að 1,5 ma.kr. í frumvarpi til fjárákvalaga 2010 og samþykkti Alþingi

¹ Fjárhæðir úr ársreikningum Eignarhaldsfélagsins Farice ehf. 2004–2008, umreiknaðar á loka-gengi hvers árs.

² Fjárhæðir miðað við upplýsingar í ársreikningum félagsins og útreikninga Ríkisendurskoðunar þar sem eignir í ársreikningum eru umreiknaðar á kaupgengi, skuldir á sölugengi og hlutfé er mismunur á umreiknuðu verði eigna og skulda. Í ríkisreikningi er hlutur ríkisins reiknaður út frá framlögum en ekki hlutdeild í eigin fé.

hana. Heimildin var því fullnýtt og vel það. Í frumvarpi til fjárukalaga 2011 var einnig sótt um heimild fyrir 656 m.kr. hlutafjárukningu. Jafnframt var tekið fram: „Á árinu var hlutafé ríkissjóðs í Farice ehf. aukið um 4 milljónir evra, jafngildi 656 m.kr., í samræmi við samkomulag við lánardrottna og meðeigendur um fjárhagslega endurskipulagningu félagsins.“ Af þessu orðalagi sem og fylgiskjöllum í fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins og því að heimildarinnar er ekki getið í 4. gr. fjárukalaga 2011 verður ekki annað ráðið en að greiðslan hafi farið fram án formlegrar heimildar. Heimilda til breytinga á eignarhlutum ríkissjóðs er jafnan getið formlega í 6. gr. fjárlaga en svo var ekki vegna hlutafjárukningarinnar á árinu 2011.

**EKKI FORMLEG
HEIMILD Í 6. GR.
FJÁRLAGA**


Endurskipulagningin sem hófst í desember 2009 fól einnig í sér að ótryggðum lánum var breytt í hlutafé. Þetta átti við um allar ótryggðar skuldir nema ógreidda reikninga. Ríkisábyrgðasjóður fékk þá hlut í Farice ehf. í stað greiðslu áhættugjalds vegna ríkisábyrgða sem veittar voru á árunum 2009 og 2010. Áhættugjaldið nam um 2,3 m.EUR eða um 361 m.kr. á gengi í janúar 2011 þegar áhættugjaldið var gert upp (sjá kafla 6). Hluttur Ríkisábyrgðasjóðs í félaginu nam um 2,7% í árslok 2011 en er talinn með hluta ríkissjóðs sem nam 27,5%. Í krónum talið var hluttur Ríkisábyrgðasjóðs þó ekki bókfærður með hlut ríkissjóðs. Í ríkisreikningi ársins 2011 nam skráður eignarhluttur ríkisins í félaginu 2,4 ma.kr. eða 30,2% og hækkaði frá 2009 einungis um þær 2.247 m.kr. sem ríkissjóður lagði fram í formi aukins hlutafjár. Mikilvægt er að úr þessu verði bætt svo að samræmi sé milli skráðs hlutfalls og skráðs eignarhlutar í ríkisreikningi.

Samkvæmt ársreikningi Farice ehf. nam hlutafé félagsins rúmlega 83 m.EUR í árslok 2011 eða um 13 ma.kr. á gengi þess tíma. 30,2% hluttur ríkisins nam því tæplega 4 ma.kr.

2.3 FRAMLÖG, RÍKISÁBYRGÐIR OG ÞJÓNUSTUSAMNINGUR

Á árunum 2002–11 lagði ríkissjóður fram samtals 4,2 ma.kr. til Farice ehf. og forvera þess (sbr. mynd 2.3). Ýmist var um að ræða framlög í formi hlutafjár, skammtímalána eða áhættugjalda vegna ríkisábyrgða sem ríkissjóður átti að fá greidd en var breytt í hlutafé.

**4,2 MA.KR.
RÍKISFRAMLÖG**



Auk beinna framlaga hefur ríkissjóður ítrekað veitt Farice hf. og Eignarhaldsfélaginu Farice ehf. ríkisábyrgðir. Samtals námu skuldir (langtímalán og afborganir næsta árs)

**7 MA.KR.
RÍKISÁBYRGÐ**

Farice ehf. tæplega 10 ma.kr. í árslok 2011 og voru um 7 ma.kr. með ríkisábyrgð (sjá nánar í köflum 3 og 6).

Fjármála- og efnahagsráðuneyti fer með eignarhlut ríkissjóðs í Farice ehf. og hefur séð um samskipti við ESA vegna félagsins, m.a. í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu þess (sjá nánar í kafla 4). Fjarskiptamál heyra á hinn bóginn undir innanríkisráðuneyti og leggur innanríkisráðherra fram á Alþingi þingsályktunartillögu um fjarskiptaáætlun þar sem mörkuð er stefna á sviði fjarskiptamála. Fjarskiptaáætlun miðar m.a. að því að tryggja öryggi almennra fjarskiptaneta innanlands og tengingar Íslands við umheiminn.

Þrátt fyrir aukið eigið fé og endurskipulagningu skulda hefur rekstur Farice ehf. ekki gengið sem skyldi. 15. apríl 2012 bar félaginu að standa skil á um 225 m.kr. afborgun af láni en átti ekki laust fé til greiðslunnar. Í ársbyrjun 2012 gerði fjármálaráðuneyti (nú fjármála- og efnahagsráðuneyti) innanríkisráðuneyti grein fyrir slæmri fjárhagsstöðu félagsins og afleiðingum greiðslufalls fyrir það og ríkissjóð. Fjármálaráðuneyti kynnti um leið drög að samningi um aðkomu ríkisins að rekstri Farice ehf. svo að tryggja mætti fjarskiptasamband. Var það mat innanríkisráðuneytis að „óviðunandi væri að aðaltengingar landsins við umheiminn væru í hættu sökum bágrar fjárhagsstöðu Farice ehf.“ Því var ákveðið að bera málið undir stjórn Fjarskiptasjóðs, enda taldi ráðuneytið það samræmast hlutverki hans að gera þjónustusamning við Farice ehf. Sjóðnum er m.a. ætlað að stuðla að uppbyggingu á sviði fjarskiptamála í samræmi við fjarskiptaáætlun og úthluta fjármagni til verkefna sem stuðla að öryggi og samkeppnishæfni þjóðfélagsins á sviði fjarskipta og annarra verkefna (sjá nánar í kafla 5).

12. apríl 2012 gerði Fjarskiptasjóður þjónustusamning við Farice ehf. Í minnisblaði innanríkisráðherra og fjármálaráðherra frá 3. apríl sama ár var lagt til að ríkisstjórn Íslands heimilaði undirskrift slíks samnings við Farice ehf. til allt að fimm ára og fjármögnun hans með sérstöku framlagi í fjárlögum. Rekstrarvanda Farice ehf. var lýst í stuttu máli og sagt frá því að Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hafi „bent á þá leið að ríkið geri þjónustusamning við Farice á grundvelli almannahagsmuna við að tryggja öryggi fjarskiptatenginga við umheiminn og hugsanleg framlög úr ríkissjóði verði innt af hendi á grundvelli slíks samnings“. Ótvíræðir almannahagsmunir væru í húfi við að viðhalda fjarskiptatengingum við umheiminn.

Í minnisblaðinu var einnig bent á að um 80% af skuldum félagsins væru með ríkisábyrgð sem féllu á ríkissjóðs færi félagið í þrot. Talið var „hagkvæmast fyrir ríkissjóð að tryggja áframhaldandi rekstur félagsins“. Jafnframt kom fram að mikilvægt væri að niðurstaða fengist í málið „svo forða megi félaginu frá greiðslufalli þann 15. apríl nk.“ Ríkisstjórnin samþykkti gerð þjónustusamningsins á fundi 11. apríl 2012. Í frumvörpum til fjárukalaga 2012 og fjárlaga 2013 er gert ráð fyrir að Fjarskiptasjóður greiði Farice ehf. samtals 710 m.kr. á árunum 2012–14 í samræmi við þjónustusamninginn og hafa 355 m.kr. þegar verið greiddar (225 m.kr. í apríl 2012 og 130 m.kr. í október 2012). Í áðurnefndu minnisblaði kemur fram að áætlanir félagsins geri ráð fyrir að það „verði sjálfbært á næstu þremur árum“.

LAUSAFJÁRVANDI Í APRÍL 2012

TILLAGA UM ÞJÓNUSTUSAMNING LÖGÐ FYRIR RÍKISSTJÓRN

Fjármálaráðherra (nú fjármála- og efnahagsráðherra) samþykkti að greiða samkvæmt samningnum á grundvelli 33. gr. fjárreiðulaga nr. 88/1997 sem segir að valdi ófyrirséð atvik því að greiða þurfi úr ríkissjóði án heimildar í fjárlögum hafi fjármálaráðherra heimild að höfðu samráði við hlutaðeigandi ráðherra til að inna greiðsluna af hendi enda þoli hún enga bið. Í kjölfarið skrifaði fjármálaráðherra fjárlaganefnd Alþingis minnisblað um ákvörðun ríkisstjórnarinnar um þjónustusamning við Farice ehf. Þar kom m.a. fram að vegna skilyrða í lánasamningum Farice væri ekki hægt að skuldsetja félagið frekar og að ESA myndi ekki heimila frekari ríkisaðstoð með beinum hætti. ESA hefði hins vegar bent á að gera mætti þjónustusamning við félagið. Fjárlaganefnd fjallaði um fjárhagsmál Farice ehf. á fundum sínum í apríl 2012 en tók ekki formlega afstöðu til tillögu fjármálaráðherra. Samkvæmt þeim svörum sem Ríkisendurskoðun bárust við vinnslu úttektarinnar var gert ráð fyrir að frekar yrði fjallað um málið við umræður um fjáráukalög 2012.

Farice ehf. hefur verið í rekstrarvanda frá árinu 2009 og forverar þess, Eignarhaldsfélagið Farice ehf. og Farice hf., hafa ekki skilað hagnaði frá stofnun þeirra. Þrátt fyrir fjárhagslega endurskipulagningu hefur taprekstur haldið áfram. Vonir stóðu til þess að unnt yrði að treysta rekstrargrundvöll félagsins með auknum tekjum frá gagnaverum en þær hafa ekki gengið eftir. Þá var stefnt að því að auka tekjur félagsins með nýjum samningum við fjarskiptafyrirtæki og hófust viðræður um gjaldskrárhækkanir þegar á árinu 2011 en þær skiluðu ekki árangri fyrr en seint í október 2012. Af umræðum, m.a. á Alþingi, að dæma hafa allt frá árinu 2010 verið uppi efasemdir um möguleika félagsins til að ná viðskiptum við gagnaver. Í því sambandi hefur t.d. verið bent á að verðskrá félagsins sé of há miðað við samkeppnisaðila í Evrópu. Endurskipulagningu félagsins lauk á árinu 2011 og sagði fjármálaráðherra á Alþingi þann 25. apríl 2012 að fljótlega hefði verið ljóst að forsendur endurskipulagningarinnar héldu ekki.

Á fyrri hluta árs 2012 var áætlað að Fjarskiptasjóður greiddi Farice ehf. samtals 355 m.kr. á því ári. Sú áætlun miðaðist við viðskiptaáætlun félagsins þegar þjónustusamningurinn var undirritaður í apríl 2012. Ljóst var að taka þyrfti framlög ríkisins til endurskoðunar þegar félagið lyki viðræðum við viðskiptavinina sína um nýja samninga. Í samtölum Ríkisendurskoðunar við fulltrúa Farice ehf. og fjármála- og efnahagsráðuneytis í nóvember 2012 kom fram að uppfærð áætlun gerði nú ráð fyrir að Fjarskiptasjóður greiddi félaginu um 400 m.kr. árlega næstu tvö ár (2013 og 2014) en eftir það færu greiðslurnar lækkandi. Félagið hefði þó gert nýjan samning um þjónustu við fjarskiptafyrirtæki sem skilaði félaginu auknum tekjum. Í frumvarpi til fjárlaga 2013 kemur fram að fjárhagsleg áhætta ríkissjóðs geti aukist standist tekjur Farice ehf. ekki áætlanir næstu árin og taprekstur haldi áfram. Þar sem aukin sala til gagnavera er talin vera helsti möguleiki félagsins til að auka tekjur er þessi áhætta háð þróun gagnaversiðnaðar á Íslandi. Það veltur því á miklu að viðskipti við gagnaver verði efl.

**ÁÆTLUÐ FJÁRPÖRF
FÉLAGSINS MEIRI EN
ÁÐUR VAR TALID**

3 LAGNING OG REKSTUR SÆSTRENGJA

3.1 FORSAGAN 2004–08

Eins og áður sagði gerðist Ríkissjóður Íslands hluthafi í Farice hf. við stofnun félagsins árið 2002 en samtals áttu íslenskir aðilar 80% hlutfjár í því. Ríkissjóður var einnig einn þeirra þriggja aðila sem veittu félaginu ábyrgð vegna 34,5 m.EUR láns sem tekið var í upphafi rekstrar. Ábyrgð ríkissjóðs var vegna 9,4 m.EUR (787 m.kr. á gengi í árslok 2004).

Ríkissjóður hefur einnig átt hlut í Eignarhaldsfélaginu Farice ehf. frá upphafi þess árið 2003. Aðrir stofnendur voru Síminn hf. og Vodafone. Við stofnun félagsins voru gerðir samningar milli Eignarhaldsfélagsins Farice ehf. annars vegar og Símans og Og fjarskipta hins vegar um kaup félagsins á flutningsréttindum sem fjarskiptafélögin áttu í CANTAT-3 sæstrengnum. Jafnframt voru gerðir samningar um leigu sömu flutningsréttinda til fjarskiptafélaganna. Sæstrengurinn FARICE var lagður á árinu 2003 og hófst formleg sala um hann á árinu 2004. Eignarhaldsfélagið Farice ehf. hafði tekjur af bandvíddarsölu um FARICE og af umsömdum flutningsréttindum um CANTAT-3. Tafla 3.1 sýnir þróun tekna og gjalda félagsins á árunum 2004–08.

SÆSTRENGURINN FARICE LAGÐUR 2003

	2004	2005	2006	2007	2008
TEKJUR	525	598	750	698	1.092
REKSTRARKOSTN.	-213	-214	-260	-245	-387
REKSTRARHAGN. (EBITDA)	312	384	490	453	705
AFSKRIFTIR	-333	-318	-354	-371	-538
FJÁRMAGNSKOSTN.	-79	-110	-138	-135	-672
TAP ÁRSINS	-101	-45	-3	-53	-506

707 M.KR. TAP 2004–08

Eins og taflan sýnir var félagið rekið með tapi öll ár umrædds fimm ára tímabils, samtals um 707 m.kr. Þó var rekstrarhagnaður öll árin, þ.e. eftir greiðslu rekstrarkostnaðar. Tap tímabilsins skýrist af verulegum afskriftum, sem námu um og yfir helmingi af tekjum hvers árs, og háum fjármagnskostnaði.

Undirbúningur að lagningu nýs sæstrengs hófst á árunum 2005–06 og tók Eignarhaldsfélagið Farice ehf. við forræði verkefnisins á árinu 2007. Þá voru skoðaðir mögulegir valkostir fyrir nýjan streng, tilboða leitað og að lokum samið um framleiðslu og lagningu sæstrengsins og endabúnaðar. Á árinu 2008 jukust eignir og skuldir Eignar-

³ Fjárhæðir úr ársreikningum Eignarhaldsfélagsins Farice ehf. 2004–2008, umreiknaðar á meðalgengi hvers árs.

haldsfélagsins Farice ehf. verulega. Helsta skýring þess var tilkoma sæstrengsins DANICE sem lagður var á árunum 2008 og 2009. Í samræmi við reikningsskilareglur var strengurinn færður í bækur félagsins þegar fyrir lá að það hefði framtíðartekjur af honum og hægt var að meta kostnað við hann. Kostnaður vegna framkvæmdanna féll fyrst til á árinu 2007.

3.2 Eignir og skuldir Eignarhaldsfélagsins Farice ehf. 2004–08 í þús.EUR.					
	2004	2005	2006	2007	2008
EIGNIR	55.294	53.265	48.951	57.289	111.202
SKULDIR, SAMTALS	42.505	41.201	36.982	40.820	84.792
LANGTÍMASK.	40.900	36.247	32.327	28.407	27.533
SKAMMTÍMASK.	1.605	4.954	4.655	12.413	57.259

Á árinu 2007 bættust Landsvirkjun, Orkuveita Reykjavíkur og Hitaveita Suðurnesja í hóp hluthafa. Á sama tíma stóðu yfir viðræður um sölu á mikilli bandvidd til gagnavers Verne Global. Þeim lauk með undirritun samnings í febrúar 2008, þar sem samið var um umtalsverðar tekjur í tíu ár auk þess sem möguleikar voru á aukningu magns og framlengingu samninga. Lagning sæstrengsins DANICE hófst í ágúst 2008 og var áætlað að henni lyki sama ár. Í nóvember 2008 var ákveðið að fresta henni til ársins 2009. Þá lá fyrir að allar áætlanir um fjármögnun og viðskipti um nýja strenginn voru í uppnámi. Uppsafnað tap félagsins nam um tvöföldum árstekjum þess og á árinu 2009 versnaði rekstrarstaðan enn frekar. Áður en árið var liðið var fjárhagsleg endurskipulagning félagsins hafin.

ÁÆTLANIR Í UPPNÁMI


3.2 FJÁRHAGSLEG ENDURSKIPULAGNING: 2009–11

Erfiðlega gekk að fjármagna DANICE-verkefnið og á endanum var það gert með 5 ma.kr. skuldabréfaláni með ábyrgð ríkissjóðs á árinu 2009. Að öðrum kosti hefði vinna við lagningu sæstrengsins stöðvast. Áætluð viðskipti vegna gagnavera voru umtalsverður hluti áætlaðra tekna félagsins og þar með lykill að rekstrargrundvelli þess. Þær áætlanir gengu ekki eftir, eins og síðar verður vikið að. Þá olli gengislækkun íslensku krónunnar því að félagið varð að semja á ný við íslensku fjarskiptafyrirtækin. Í nýjum samningi fólst töluverð lækkun á gjaldskrá félagsins.

Á árinu 2009 gekk félaginu illa að mæta fjárhagslegum skuldbindingum sínum og í október það ár fékk það 155 m.kr. skammtímalán hjá ríkissjóði til að greiða af áður-nefndu skuldabréfaláni. Í árslok 2009 var þó ljóst að félagið gæti ekki staðið við skuldbindingar sínar. Heildarskuldir þess námu þá um 120 m.EUR og voru um 49,2 m.EUR í vanskilum, skv. tilkynningu til Kauphallar Íslands. Var því ákveðið að hefja fjárhagslega endurskipulagningu til að létta á skuldum félagsins og auka eigið fé þess svo að það yrði rekstrarhæft.

Samið var við flesta kröfuhafa og lánveitendur um kyrrstöðu í nóvember 2009. Endurskipulagningin gekk hægt og var samkomulag við kröfuhafa framlengt nokkrum sinnum. Niðurstaða endurskipulagningarinnar varð sú að félögin tvö, Farice hf. og Eignarhaldsfélagið Farice ehf., voru sameinuð í félagið Farice ehf. og í júní 2011 lá fyrir tillaga að endurskipulögðum fjárhag nýs félags. Breytingu hluthafa má sjá á mynd 3.3.

3.3 Sameining Eignarhaldsfélagsins Farice ehf. og Farice hf. í Farice ehf.



Ríkissjóður og Landsvirkjun juku við hlut sinn í félaginu og voru jafnframt einu A-hluthafarnir í nýju félagi. Færeyskir hluthafar sem og íslensku fjarskiptafyrirtækin, Orkuveita Reykjavíkur og HS-Orka drógu sig út úr rekstrinum og seldu ríkissjóði hlut sinn á nafnvirði (1 evra fyrir öll bréfin). Skuldum var breytt í hlutafé og samið um lánstíma og vexti eldri lána félaganna tveggja. Þeir kröfuhafar sem áttu óveðtryggðar kröfur fengu B-hlutabréf í nýju félagi. Hluthafar í A-hluta fara með 66% atkvæða í Farice ehf. en B-hluthafar 34%. Stærstu hluthafar í nýju félagi voru Ríkissjóður Íslands, Landsvirkjun og Arion banki en auk þeirra áttu Landsbankinn og Glitnir banki samtals innan við 5% hlut.

SKULDIR FARICE EHF.

Í árslok 2009 námu skuldir Eignarhaldsfélagsins Farice ehf. 120 m.EUR (um 21,7 ma.kr. á lokagengi ársins). Þar af námu skuldir vegna Farice hf. um 26 m.EUR (um 4,7 ma.kr.) og eftirstöðvar brúarlána Kaupþings (nú Arion banka) og Landsvirkjunar vegna DANICE-verkefnisins frá árinu 2008 um 44 m.EUR (um 7,9 ma.kr.). Eftir að fjárhagslegri endurskipulagningu lauk í árslok 2011 námu skuldir Farice ehf. 62 m.EUR eða tæplega 10 ma.kr. á gengi evru í árslok 2011.

**21,7 MA.KR. SKULDIR
Í ÁRSLOK 2011**

3.4 Skuldir Eignarhaldsfélagsins Farice ehf. 2009–11⁴

	2009		2010		2011	
	M.KR.	M.EUR	M.KR.	M.EUR	M.KR.	M.EUR
LANGTÍMASK.	5.151	29	5.195	34	6.398	40
SKAMMTÍMASK.	16.512	92	5.605	36	3.462	22
SAMTALS	21.663	120	10.800	70	9.860	62

**78% SKULDA MEÐ
RÍKISÁBYRGÐ**

Ríkisábyrgð var á um 78% skulda (langtímalána og afborgana næsta árs) Farice ehf. í árslok 2011. Um var að ræða ábyrgð vegna lántöku á árinu 2004, ábyrgð vegna skulda-bréfaláns sem tekið var á árinu 2009 og ábyrgð sem veitt var á árinu 2010 vegna hluta

⁴ Fjárhæðir miðað við upplýsingar í ársreikningum Eignarhaldsfélagsins Farice ehf. 2009 og Farice ehf. 2010–11 og útreikninga Ríkisendurskoðunar þar sem eignir í ársreikningum eru umreiknaðar á kaupgengi, skuldir á sölugengi og hlutafé er mismunur á umreiknuðu verði eigna og skulda.

láns sem tekið var árið 2004. Þegar fjárhagsleg endurskipulagning fór fram fór lánveitandinn fram á að ný ríkisábyrgð yrði veitt vegna hluta eldra láns.

Samkvæmt ársreikningum félagsins eru skuldir þess bundnar tilteknum skilmálum. Séu þeir ekki virtir er lánveitanda heimilt að gjaldfella allt lánið. Takist ekki að semja við lánveitendur getur það leitt til gjaldþrots. Jafnframt myndi það leiða til þess að ríkissjóður þyrfti að standa skil á þeim lánum sem hann hefur veitt ábyrgð vegna, samtals um 7 ma.kr. í árslok 2011. Í árslokareikningi félagsins fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2012 kemur fram að félagið uppfyllir ekki alla lánaskilmála. Samkvæmt svörum frá félaginu hefur það samið við lánveitendur um að gjaldfella ekki lánin að svo stöddu og eru í gangi viðræður um breytingar á lánaskilmálum.

Meðan á fjárhagslegri endurskipulagningu stóð á árunum 2009 og 2010 lagði íslenska ríkið fram alls 821 m.kr. til þess að aðstoða Eignarhaldsfélagið Farice ehf. við að standa við skuldbindingar sínar. Í október 2009 var ljóst að það gat ekki staðið í skilum við skuldbindingar vegna skuldabréfalánsins sem ríkið hafði ábyrgst. Þar sem vanskil hefðu þýtt að ríkisábyrgðin hefði verið virkjuð var ákveðið að ríkið lánaði félaginu 155 m.kr. til að standa við skuldbindingarnar. Í apríl 2010 kom sama staða upp og lánaði ríkið félaginu þá 148 m.kr. Í ágúst 2010 lánaði ríkið félaginu svo 370 m.kr. til að greiða kröfu vegna DANICE-verkefnisins og í október 2010 fékk félagið 148 m.kr. til viðbótar vegna afborgana af skuldabréfaláninu. Þar sem lánin voru að mestu notuð til greiðslu afborgana skuldabréfalánsins sem ríkið hafði ábyrgst lækkuðu þau lánsfjárhæð ríkisábyrgðarinnar. Lánin átti upphaflega að greiða upp 2–6 mánuðum eftir veitingu þeirra. Endurgreiðslu þeirra var hins vegar frestað og þau gerð upp 15. desember 2010, um 14 mánuðum eftir að fyrsta lánið var veitt. Fjárhagsleg endurskipulagning tók meiri tíma en gert hafði verið ráð fyrir og dróst því að gera upp skammtímalánin.

REKSTUR FARICE EHF.

Fjárhagsleg endurskipulagning miðaði m.a. að því að auka tekjur og lækka kostnað. Var gert ráð fyrir að helstu tekjur Farice ehf. yrðu samningsbundnar tekjur frá fjarskiptafyrirtækjum og tekjur vegna sölu til gagnavera. Að sögn Farice ehf. var m.a. stuðst við áætlanir gagnaveranna sjálfra við áætlanagerð félagsins. Tekjur félagsins, umreiknaðar úr evrum í íslenskar krónur á lokagengi hvers árs, hækkuðu um u.þ.b. 15% frá árinu 2009 til ársins 2011. Kostnaður þess, þ.e. rekstrarkostnaður, afskriftir og fjármagnskostnaður, lækkaði hins vegar um 28% sem einkum skýrist af lægri fjármagnskostnaði.

3.5 Rekstur Eignarhaldsfélagsins Farice ehf. 2009–11 í m.kr. ⁵	2009	2010	2011
TEKJUR	1.004	1.083	1.161
REKSTRARKOSTNAÐUR	-775	-935	-944
REKSTRARHAGNAÐUR (EBITDA)	229	148	217
AFSKRIFTIR	-1.522	-1.251	-1.260
FJÁRMAGNSKOSTNAÐUR	-1.233	-1.641	-338
TAP ÁRSINS	-2.527	-2.744	-1.381

⁵ Fjárhæðir úr ársreikningum Eignarhaldsfélagsins Farice ehf. 2009 og Farice ehf. 2010–11, umreiknaðar á meðalgengi hvers árs.

LÁNASKILMÁLAR EKKI
UPPFYLLTIR

821 M.KR.
SKAMMTÍMALÁN

Eins og tafla 3.5 sýnir var tap ársins 2011 rúmlega 1 ma.kr. minna en tap ársins 2009 en engu að síður nam það 1,4 ma.kr.

3.3 FORSENDUBRESTUR

Endurskipulagður fjárhagur Farice ehf. átti að tryggja að félagið gæti staðið undir þeim rekstri sem áætlaður var næstu árin. Í áætlunum félagsins var gert ráð fyrir að tekjur þess hækkuðu helst vegna þjónustu við gagnaver og skyldan iðnað. Samningur við gagnaver í eigu fyrirtækisins Verne Global átti þátt í því að ákvörðun um lagningu DANICE-sæstrengsins var tekin á sínum tíma en starfsemi þess fór hins vegar hægt af stað og sumarið 2011 var endursamið við fyrirtækið.

GAGNAVER

Á árinu 2012 eru tvö gagnaver með starfsemi á Íslandi. Gagnaverið Thor Data Center hóf starfsemi á Íslandi í maí 2010 og gagnaver Verne Global var vígt í febrúar 2012.

Thor Data Center tæpaði 145,9 m.kr. á árinu 2010 og 180,2 m.kr. á árinu 2011. Hlutfé í félaginu var aukið um 400 m.kr. á árinu 2010. Skýrr (nú Advania) keypti allt hlutfé í því í nóvember 2011 og stendur til að stækka gagnaverið í takt við viðtökur erlendra viðskiptavina.

Á árunum 2007–09 keypti Verne Global fasteignir á gamla varnarliðssvæðinu við Keflavíkurflugvöll og samdi um kaup á rafmagni, undanþágu frá greiðslu fasteigna- og gatna-gerðargjalda og umtalsvert flutningsrými hjá Farice. Gagnaverið var þó ekki tekið í notkun fyrr en á árinu 2012. Í júlí 2012 komst ESA að þeirri niðurstöðu að fasteignir sem ríkið seldi Verne árið 2008 hefðu verið seldar undir markaðsvirði. Slík kjör teldust vera ríkisaðstoð og yrði að endurheimta muninn á markaðsvirði og söluvirði frá fyrirtækinu. Þá fór ESA fram á að undanþegin gjöld verði endurheimt frá fyrirtækinu þar sem umsamin undanþága samræmist ekki EES samningnum. Í ágúst 2012 lagði fjármála- og efnahagsráðherra til við ríkisstjórnina að íslenska ríkið höfði mál gegn ESA vegna þessa.

Nýr samningur við Verne Global gerði ráð fyrir umtalsverðri lækkun gjalda. Þetta hafði veruleg áhrif á starfsemi Farice ehf. Þá gerðu áætlanir félagsins ráð fyrir auknum tekjum frá fjarskiptafyrirtækjum. Viðræður um gjaldskrárhækkun hófust á árinu 2011 og var vonast til þess að hægt yrði að semja um hærri tekjur þegar á fyrsta ársfjórðungi 2012. Samningar tókust hins vegar ekki fyrr en haustið 2012. Eins og áður hefur komið fram átti Farice ehf. ekki til laust fé til að greiða um 225 m.kr. afborgun af láni í apríl 2012 og leitaði félagið því til ríkissjóðs. Ríkissjóður hljóp undir bagga í samræmi við þjónustusamning sem gerður var í apríl 2012.

Áætlað er að Fjarskiptasjóður greiði samtals 355 m.kr. á árinu 2012 vegna þjónustusamningsins. Það lítur þó ekki út fyrir að þetta framlag nægi til að rétta rekstur félagsins af. Tap á fyrstu tveimur ársfjórðungum ársins 2012 var 172 m.kr. meira en tap á sama tíma árið áður þrátt fyrir 225 m.kr. framlag ríkissjóðs í apríl 2012.

NÝIR SAMNINGAR

172 M.KR. MEIRA TAP 2012 EN ÁRIÐ ÁÐUR

3.6 Árshlutareikningur Farice ehf. 2011–12 í m.kr. ⁶				
	2011	2012	MISMUNUR	
	1.1–30.6	1.1–30.6	FJÁRHÆÐ	HLUTF.
TEKJUR	552	850	298	54%
REKSTRARKOSTNAÐUR	-448	-469	21	5%
REKSTRARHAGNAÐUR (EBITDA)	104	381	277	266%
AFSKRIFTIR	-620	-625	5	1%
FJÁRMAGNSKOSTNAÐUR	-73	-517	444	609%
TAP TÍMABILSINS	-589	-761	172	29%

Í þessu sambandi ber þó að hafa í huga að gert er ráð fyrir að tekjur frá fjarskiptafyrirtækjum hækki í október 2012 í kjölfar nýrra samninga. Telur Farice ehf. að uppfærðar áætlanir sýni að tekjur félagsins dugi fyrir kostnaði. Er þá miðað við að félagið fái greiðslur frá Fjarskiptasjóði. Óverulegar tekjur eru af gagnaverum eins og er en væntingar um umtalsverðar tekjur af þeim í framtíðinni.

⁶ Fjárhæðir úr árshlutareikningi Farice ehf. 1.1–30.6.2012, umreiknaðar á meðalgengi tímabilsins.

4 AÐKOMA EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA (ESA)

4.1 ÁKVARÐANIR ESA VEGNA AÐKOMU RÍKISINS AÐ FARICE

Eftirlitsstofnun EFTA (*EFTA Surveillance Authority; ESA*) hefur eftirlit með framkvæmd reglna Evrópska efnahagssvæðisins á Íslandi, í Liechtenstein og Noregi, m.a. reglna um ríkisaðstoð. Eftirlitsstofnunin getur hafið málsmeðferð annaðhvort að eigin frumkvæði eða vegna kvörtunar, t.d. frá fyrirtæki sem á lögvarinna hagsmuna að gæta af tilteknum opinberum innkaupum. Eftirlitsstofnunin hefur fylgst með Farice hf., Eignarhaldsfélaginu Farice ehf. og seinna Farice ehf. frá árinu 2003.

Í júlí 2006 sendi ESA frá sér ákvörðun varðandi ríkisaðstoð við Farice hf. vegna ríkisábyrgðar sem veitt var við lagningu FARICE-sæstrengsins. Málið hafði verið í skoðun frá árinu 2004 þegar íslensk stjórnvöld tilkynntu um fyrirhugaða ríkisábyrgð. ESA tók málið þó fyrst til formlegrar rannsóknar árið 2006. Áður hafði eftirlitsstofnunin spurst fyrir um tiltekin samkeppnisatriði og mat á samkeppnisáhrifum verkefnisins. ESA taldi vafa leika á um að stuðningur íslenska ríkisins samrýmdist framkvæmd EES-samningsins, þ.e. að umfang hans væri hæfilegt og að hann raskaði ekki samkeppni þegar tekið væri tillit til settra markmiða. Þessar efasemdir sneru einkum að því hvort veittur yrði aðgangur að fjarskiptatengingum án mismununar. Þá hafði stofnunin áhyggjur af samkeppni á sviði tenginga til Íslands þar sem sæstrengirnir FARICE og CANTAT-3 kæmu báðir til með að vera í umsjón Eignarhaldsfélagsins Farice ehf. ESA skoðaði einnig aukna hlutafjäreign íslenska ríkisins í Farice hf. á árinu 2003.

Niðurstaða ESA var að sú ábyrgð sem ríkissjóður veitti Farice hf. árið 2004 vegna 9,4 m.EUR láns og árið 2003 vegna 6,4 m.EUR brúarláns sem greitt var upp þegar seinna lánið var tekið, sem og aukin hlutafjäreign íslenska ríkisins teldust ríkisaðstoð. ESA taldi þó að sú ríkisaðstoð samrýmdist ákvæðum EES-samningsins þar sem hún greiddi fyrir þróun tiltekinna greina efnahagslífsins eða efnahagssvæða og hefði ekki svo óhagstæð áhrif á viðskiptaskilyrði að það stríddi gegn sameiginlegum hagsmunum. Aðgengi að breiðbandstengingu er þjónusta sem framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins hefur í stefnumörkunum og ákvörðunum á sviði ríkisaðstoðar viðurkennt sem réttmætt markmið og þjónustu við að auka framleiðni og hagvöxt í ýmsum atvinnugreinum og störfum. Hagkvæmnikönnun á FARICE-verkefninu hafi sýnt að ekki væri kostur að hrinda því í framkvæmd á einkarekstrarforsendum eingöngu og hafi aðkoma ríkissjóðs, bæði ríkisábyrgð og hlutafjárukning, verið nauðsynleg til að tryggja fjármögnun verkefnisins. Engu að síður taldi ESA miður að ráðstafanir skyldu hafa

ESA HEFUR FYLGST
MEÐ FRÁ ÁRINU
2003

RÍKISAÐSTOÐ
SAMRÝMDIST
EES-SAMNINGI

verið gerðar áður en íslensk stjórnvöld höfðu tilkynnt stofnuninni um ríkisábyrgðina og áður en hún hafði tekið endanlega ákvörðun um mat á ríkisaðstoð í tengslum við þær.

Í ákvörðun sinni árið 2006 tók ESA fram að þar sem Farice hf. virtist ekki vera í þeirri stöðu að geta bolað samkeppnisaðila sínum af markaði og heildsölu kaupendur ættu þess kost að sneiða hjá viðskiptum við félagið sæi stofnunin ekki ástæðu til að gera athugasemdir sem vörðuðu samkeppni. Stofnunin hafði þó enn áhyggjur og á árinu 2008 ákvarðaði hún í máli sem varðaði þátttöku íslenska ríkisins í hlutafjárúkningu félagsins vegna DANICE-verkefnisins. Niðurstaðan var sú að þátttakan hefði ekki falið í sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

4.2 REGLUR UM AÐSTOÐ VIÐ BJÖRGUN OG ENDURSKIPULAGNINGU FYRIRTÆKJA Í ERFIÐLEIKUM

Árið 2004 sendi ESA frá sér leiðbeiningar vegna aðstoðar við björgun og endurskipulagningu fyrirtækja í erfiðleikum. Ströng skilyrði eru sett fyrir aðstoð af þessu tagi, m.a. að fyrirtæki eigi sannanlega í erfiðleikum, þ.e. séu þannig stödd að án opinberrar aðstoðar muni þau þurfa að hætta rekstri innan skamms tíma. Á fyrstu þremur árum rekstrar nýs fyrirtækis, sem og fyrirtækis sem stofnað er með samruna eða yfirtöku tveggja eða fleiri fyrirtækja, má hið opinbera ekki koma því til bjargar eða að endurskipulagningu þess.

LEIÐBEININGAR ESA

Töluverður munur er á skilyrðum þess að mega koma fyrirtæki til bjargar eða koma að endurskipulagningu þess. Björgunaraðgerðir eru tímabundin og afturkræf aðstoð. Markmið þeirra er að halda fyrirtæki á floti meðan unnið er að endurskipulagningu eða gjaldþrotaskiptum. Aðgerðirnar skulu vera í formi ríkisábyrgðar eða láns sem endurgreiða skal innan sex mánaða eftir að aðgerðum lýkur. Endurskipulagning byggir hins vegar á framkvæmanlegri og heildstæðri langtímaáætlun.

Í tengslum við aðstoð vegna endurskipulagningar vakna iðulega áhyggjur af samkeppnisstöðu. Slík aðstoð er því almennt ekki leyfð nema sýnt þyki að hún hafi ekki í för með sér ótilhlýðileg áhrif á samkeppni eða viðskipti samningsaðila. Röskun á samkeppni má m.ö.o. ekki vega þyngra en ávinningurinn af því að halda fyrirtæki starfandi. Aðstoð af þessu tagi er auk þess háð endurskipulagningaráætlun sem ESA hefur samþykkt. Hún skal vera til eins skamms tíma og mögulegt er og sýna fram á langtímalífvenleika fyrirtækis, innan ásættanlegs tíma og á grundvelli raunhæfra forsendna um framtíðar rekstrarskilyrði. Áætlunin þarf því að miða við að eftir endurskipulagningu dugi tekjur fyrirtækis fyrir öllum kostnaði, þ.m.t. afskriftum og fjármagnskostnaði. Jafnframt þarf endurskipulagningin að fela í sér að þeirri starfsemi sé hætt sem áfram stuðlar að tapi fyrirtækis. Aðstoð ríkisins skal ekki vera meiri en nauðsynlegt er til að endurskipulagning geti átt sér stað.

ESA hefur fengið upplýsingar um þá aðstoð sem ríkissjóður veitti við fjárhagslega endurskipulagningu félagsins á árunum 2009–11 en hefur ekki tekið ákvörðun um lög-mæti hennar. Meðferð mála sem ESA hefur tekið fyrir og varða félagið og forvera þess hefur tekið um 1–3 ár. Ríkisendurskoðun hefur óskað eftir upplýsingum um stöðu málsins hjá ESA en ekki fengið svör.

ESA EKKI ENN TEKID ÁKVÖRÐUN

4.3 ÞJÓNUSTUSAMNINGUR VIÐ FARICE EHF.

Í minnisblöðum sem ráðherrar lögðu fram vegna þjónustusamnings við Farice ehf. í apríl 2012 kemur m.a. fram að staða félagsins var rædd við ESA og að stofnunin muni „ekki heimila að ríkið aðstoði félagið frekar með beinum hætti“. ESA hafi hins vegar bent á þá leið að ríkið gerði þjónustusamning við félagið. Í umræðum á Alþingi í apríl 2012 og frumvörpum til fjárukalaga 2012 og fjárlaga 2013 var því einnig ítrekað haldið fram að þjónustusamningur við Farice ehf. hafi verið gerður að tillögu ESA. Í frumvarpi til fjárlaga 2013 þar sem gerð er grein fyrir skuldbindingum vegna þjónustusamnings við Farice ehf. segir: „Í samræmi við álit Eftirlitsstofnunar EFTA, ESA, var gerður þjónustusamningur við Farice ehf. um stuðning á grundvelli almannahagsmuna til að tryggja öryggi fjarskiptatenginga Íslands.“

Af fyrirliggjandi gögnum má ljóst vera að íslensk stjórnvöld töldu að fjarskiptatengingar við Ísland væru í hættu vegna bágrar fjárhagsstöðu Farice ehf. og að þjónustusamningur við félagið væri rétta leiðin til að takast á við þau vandamál sem fylgdu, annars vegar til að tryggja öryggi alþjóðlegra fjarskiptatenginga við Ísland og hins vegar til að vernda þá hagsmuni ríkissjóðs sem fælust í ríkisábyrgðum á skuldum félagsins.

Fjármála- og efnahagsráðuneyti hefur séð um samskipti við ESA vegna aðkomu ríkisins að málefnum Farice ehf. og forvera þess. Ráðuneytið hefur kynnt eftirlitsstofnuninni aðgerðir ríkisins í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu félagsins og tilkynnt um gerð þjónustusamningsins. Samningurinn var gerður með fyrirvara um samþykki ESA. Ekki liggur fyrir hvort ESA mun hefja formlega rannsókn á þjónustusamningnum, sem getur tekið um 6–18 mánuði, eða láta slíkt hjá líða. Ríkisendurskoðun hefur óskað eftir upplýsingum um stöðu samningsins hjá ESA en enn ekki fengið svör.

5 ÞJÓNUSTUSAMNINGUR VIÐ FARICE

5.1 EFNI ÞJÓNUSTUSAMNINGSINS

Þjónustusamningur Fjarskiptasjóðs við Farice ehf. var undirritaður 12. apríl 2012, þ.e. um líkt leyti og greiðslufall blasti við hjá félaginu. Gildistími hans var þó frá 1. janúar 2012. Bæði innanríkisráðuneyti (fagráðuneyti Fjarskiptasjóðs) og fjármálaráðuneyti (nú fjármála- og efnahagsráðuneyti) höfðu aðkomu að samningsgerðinni þótt hvorugt þeirra undirritaði eða staðfesti samninginn með formlegum hætti. Innanríkisráðherra lýsti því yfir að samningurinn væri nauðsynlegur og lagði ásamt fjármálaráðherra til við ríkisstjórnina að hún heimilaði undirskrift hans á fundi ríkisstjórnar í apríl 2012. Ríkisendurskoðun gerir því ekki athugasemd við aðkomu sjóðsins en bendir á að tryggja verði að hann hafi nægilegt fjármagn til þess að fylgja eftir þeim skuldbindingum sem í samningnum felast. Á það bæði við um greiðslur til Farice ehf. og eftirlit með framkvæmd samningsins.

Samningurinn var gerður með fyrirvara um samþykki Alþingis og ESA. Eins og fram hefur komið hefur hann verið í skoðun hjá ESA frá því hann var gerður en stofnunin hefur ekki tekið ákvörðun um samþykki hans. Fyrirvari um samþykki Alþingis nær til skuldbindinga Fjarskiptasjóðs. Fjárlaganefnd fjallaði um mál Farice ehf. í apríl 2012 þegar hún tók fyrir tillögu fjármálaráðherra um gerð þjónustusamnings við félagið en ekki var tekin formleg afstaða til hennar. Í frumvarpi til fjárukalaga 2012 er óskað eftir 355 m.kr. viðbótarframlagi til sjóðsins í samræmi við ákvæði í samningnum.

Í samningnum er ekki getið um fjárhæð greiðslna til Farice ehf. Samkvæmt upplýsingum frá innanríkisráðuneyti og Fjarskiptasjóði var sá háttur hafður á í samræmi við tillögu fjármála- og efnahagsráðuneytis. Fjármála- og efnahagsráðuneyti telur slíka tilgreiningu ekki nauðsynlega til að takmarka fjárskuldbindingu ríkisins. Skuldbindingin sé nægilega takmörkuð með skilgreiningu á því hvernig reikna skuli framlag ríkisins út. Greiðslur til Farice ehf. byggja á áætlunum félagsins um tekjur og gjöld komandi árs. Sýni áætlun tap mun Fjarskiptasjóður greiða Farice ehf. það sem upp á vantar auk ásættanlegs hagnaðar, þ.e. að því leyti sem tapið má rekja til opinberrar þjónustu. Ekkert hámark er skilgreint á árlegu framlagi ríkissjóðs. Ásættanlegur hagnaður er skilgreindur 5% og skal Farice ehf. nota hagnað umfram 5% til þess að endurgreiða framlag Fjarskiptasjóðs. Samningurinn er gerður upp árlega og endanlegt uppgjör fer fram í lok samningstíma. ESA hefur ekki tekið fyrir hvort sú þjónusta sem félaginu er falið að sinna sé nægilega skilgreind í samningnum. Þá á ESA einnig eftir að meta þá aðferðafræði sem samningurinn kveður á um að skuli beitt við að ákvarða greiðslur til Farice ehf.

Fjarskiptasjóður skal birta á vefsíðu sinni greiningu á þörf fyrir þjónustu sem fellur undir samninginn, afrit af samningnum, greiðslur hvers árs til félagsins o.fl. Upp-

**INNANRÍKIS- OG
FJÁRMÁLARÁÐUNEYTI
KOMU AÐ
SAMNINGSERÐ**

**EKKI GETIÐ UM
FJÁRHÆÐIR Í
SAMNINGI**

lýsingarnar höfðu ekki verið birtar í október 2012 en að sögn Fjarskiptasjóðs og innanríkisráðuneytis er óljóst hvort rétt sé að birta þær meðan samþykki Alþingis og ESA liggja ekki fyrir. Þeir sem þess hafa óskað hafa fengið afrit af þjónustusamningnum hjá Fjarskiptasjóði. Sjóðurinn mun vinna að því að uppfæra upplýsingar á vefsíðu sinni.

ÁÆTLAÐ FRAMLAG 710 M.KR. 2012–14

Í frumvarpi til fjárlaga 2013 er getið um áðurnefnda beiðni um 355 m.kr. framlag til Fjarskiptasjóðs árið 2012 til að standa við skuldbindingar samningsins. Að auki er gert ráð fyrir 236,6 m.kr. framlagi árið 2013 og 118,3 m.kr. framlagi árið 2014. Þessi áætlun miðast við viðskiptaáætlun Farice ehf. Þegar þjónustusamningurinn var undirritaður í apríl 2012 og er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að fjárhæðir geti tekið breytingum.

ÞJÓNUSTU- SAMNINGURINN GILDIR TIL 2016

Í frumvarpi til fjárlaga hvers árs er jafnan gerð grein fyrir skuldbindandi samningum hvers ráðuneytis og áætluðum skuldbindingum þeirra til næstu fimm ára. Athygli vekur að í frumvarpi til fjárlaga 2013 er gert ráð fyrir að greiðslur vegna þjónustusamnings við Farice ehf. falli einungis til á árunum 2012–14. „Eftir það þyrfti félagið ekki á frekari ríkisstuðningi að halda.“ Þetta verður að teljast sérkennilegt í ljósi gildistíma þjónustusamningsins til ársloka 2016 og ákvæða og markmiða hans að tryggja rekstur til lengri tíma.

Fjarskiptasjóður ákveður hvernig staðið verður að eftirliti með framkvæmd samningsins. Í samningnum sjálfum er tilgreindur fjöldi atriða sem fylgjast þarf með og leggja mat á, s.s. verðlagning opinberrar þjónustu og annarrar þjónustu, kostnaður Farice ehf. og gildi upplýsinga um hann, áreiðanleiki þjónustu og tæknilegir þættir. Ekki er þó í öllum tilfellum tilgreint hvernig eftirliti skal háttað eða hvernig bregðast á við sé settu marki ekki náð. Samninginn skal yfirfara árlega og líta þá til reynslu af framkvæmd hans. Þó er ekki kveðið á um hvernig bregðast skuli við bendi yfirferðin til þess að úrbóta sé þörf, s.s. að gera þurfi viðeigandi breytingar á samstarfinu. Ríkisendurskoðun mælist til þess að úr því verði bætt. Þá hefur Fjarskiptasjóður heimild til að fara fram á endurskoðun á kostnaði Farice ehf. til að staðfesta upplýsingar um þær kröfur sem gerðar eru í samningnum. Greiðslur vegna samningsins skal yfirfara árlega og gera upp í lok samningstíma. Félagið skal þá endurgreiða Fjarskiptasjóði hafi það fengið ofgreitt.

ÓHÁÐUR AÐILI TILNEFNDUR TIL AÐ SINNA EFTIRLITI

Fjarskiptasjóður hefur nú þegar tilnefnt óháðan aðila til að hafa eftirlit með framkvæmd samningsins og staðfesta upplýsingar um þær kröfur sem gerðar eru í honum. Eftirlitinu skal háttað í samræmi við fylgiskjal samnings þar sem m.a. er tekið fram að sjóðurinn muni fara yfir niðurstöður eftirlitsins áður en greiðslur til Farice ehf. verða inntar af hendi. Jafnframt er kveðið á um úttekt á samningnum í heild áður en hann rennur út.

5.2 HEIMILDIR

Þótt lög um opinber innkaup nái ekki til samninga á sviði fjarskipta telur Ríkisendurskoðun eðlilegt að hafa leiðbeiningar þeirra, s.s. um skilgreiningar á kröfum til samningsaðila og greiðslur fyrir þjónustu, í huga. Lög og reglur um opinber innkaup og fjáreiður ríkisins kveða skýrt á um að ekki skuli fara á milli mála fyrir hvaða þjónustu ríkið greiðir og að takmarka skuli fjárskuldbindingu ríkisins gagnvart aðilum sem taka að sér verk fyrir það. Í 11. gr. reglugerðar nr. 343/2006 um samninga um rekstrarverkefni sem ráðuneyti og ríkisstofnanir gera til lengri tíma en eins árs, segir einnig að upplýsingar um heildarfjárskuldbindingu, einingaverð og áætlaðar árlegar greiðslur skuli koma greinilega fram í samningi.

UPPLÝSINGAR UM FJÁRSKULDBINDINGAR SKULU KOMA FRAM

Við mat á því hvort rétt hafi verið staðið að þjónustusamningi Fjarskiptasjóðs og Farice ehf. þarf loks að líta til heimilda Fjarskiptasjóðs og reglna ESA um greiðslur fyrir opinbera þjónustu.

FJARSKIPTASJÓÐUR

Hlutverk Fjarskiptasjóðs er að stuðla að uppbyggingu á sviði fjarskiptamála í samræmi við fjarskiptaáætlun. Í lögum nr. 132/2005 um sjóðinn segir að hann úthluti fjármagni til verkefna sem miða að uppbyggingu stofnkerfa fjarskipta, verkefna sem stuðla að öryggi og samkeppnishæfni þjóðfélagsins á sviði fjarskipta og annarra verkefna, enda sé kveðið á um þau í fjarskiptaáætlun og ætla megi að ekki verði í þau ráðist á markaðsforsendum. Stjórn sjóðsins ákveður framlög úr sjóðnum í samræmi við hlutverk sitt og fjarskiptaáætlun og semur greiðsluáætlun þar um innan heimilda fjárlaga.

Fjármálaráðuneyti og innanríkisráðuneyti unnu drög að þjónustusamningi við Farice ehf. Sérstaklega var litið til þess að hann færi ekki í bága við reglur ESA um ríkisstyrki auk þess sem Póst- og fjarskiptastofnun var falið að rýna hann. Í samningnum er jafnframt fyrirvari um samþykkt Alþingis og ESA. Stjórn Fjarskiptasjóðs samþykkti samninginn enda var talið að með því væri verið „að uppfylla meginmarkmið í starfsemi sjóðsins með tilvísun til fjarskiptaáætlunar og markmiða hennar, með vísan til almannaöryggis og öryggi fjarskiptatenginga við umheiminn“.

Á árinu 2011 nam framlag til Fjarskiptasjóðs 55 m.kr. Sjóðurinn hafði engar tekjur á árinu en gjöld námu tæpum 56 m.kr. Framlag til Fjarskiptasjóðs nam 15,5 m.kr. samkvæmt fjárlögum 2012 en reiknað er með því að samningurinn kosti um 355 m.kr. á árinu. Fjarskiptasjóður á engar uppsafnaðar fjárheimildir til að mæta skuldbindingunni. Í árslok 2011 var eigið fé sjóðsins neikvætt um 7 m.kr. Í þjónustusamningi Fjarskiptasjóðs við Farice ehf. var gerður fyrirvari um samþykkt Alþingis á fjárveitingum til sjóðsins.

Í þjónustusamningi Fjarskiptasjóðs og Farice ehf. er samið um greiðslur sem eru mun hærri en fjárheimild sjóðsins. Í frumvarpi til fjárlaganna 2012 er óskað eftir 355 m.kr. fjárheimild í samræmi við ákvæði þjónustusamningsins og þarf Alþingi að samþykkja hana. Þá mun sjóðurinn hafa 115,7 m.kr. tekjur vegna útboðs á tíðniheimildum fjarskiptafyrirtækja. Tekjur af slíkum útboðum runnu áður í ríkissjóð en með lögum nr. 179/2011 um breytingu á lögum nr. 132/2005 um fjarskiptasjóð voru tekjurnar markaðar sjóðnum. Í frumvarpi til fjárlaganna 2012 er óskað eftir fjárheimild vegna þessa til að sjóðurinn geti ráðstafað tekjunum til útgjalda við verkefni sem hann hefur með höndum. Í frumvarpi til fjárlaga ársins 2013 er áætlað að sjóðurinn fái 251,9 m.kr. Ekki virðist gert ráð fyrir að sjóðurinn hafi tekjur, s.s. af tíðnigjöldum fyrir úthlutaðar tíðnir af Póst- og fjarskiptastofnun, á árinu 2013. Áætlaðar greiðslur vegna þjónustusamningsins eru 236,6 m.kr. skv. frumvarpinu.

Ríkisendurskoðun telur eðlilegt að gera ráð fyrir því að aukinn kostnaður falli til hjá Fjarskiptasjóði vegna samningsins, m.a. vegna eftirlits og eftirfylgni. Í frumvarpi til fjárlaganna 2012 er eingöngu óskað eftir viðbótarframlagi til að standa skil á greiðslum til Farice ehf. Í samtali Ríkisendurskoðunar við fulltrúa Fjarskiptasjóðs haustið 2012 kom fram að sjóðurinn hefur yfir þeim mannafla að ráða sem þarf til þess að sinna eftirliti með samningnum auk þess sem samið hefur verið við innanríkisráðuneyti um

**Í SAMRÆMI VIÐ
STARFSEMI
FJARSKIPTASJÓÐS**

**AUKINN KOSTNAÐUR
SJÓÐSINS VEGNA
EFTIRLITS**



að koma að málum telji sjóðurinn þess þörf. Þá var talið að sjóðurinn hefði nægilegt fjármagn til þess að standa við skuldbindingarnar, að því gefnu að fjárveitingar vegna samningsins verði samþykktar. Kostnaði við eftirlit og eftirfylgni vegna samningsins verði mætt með því fjármagni sem sjóðurinn hefur nú aðgang að.

REGLUR ESA UM GREIÐSLUR FYRIR OPINBERA ÞJÓNUSTU

Í leiðbeiningum ESA um opinbera þjónustu, fyrirtæki í ríkiseign og aðstoð við opinber fyrirtæki eru tilgreind skilyrði þess að ríkisaðstoð samræmist EES samningnum. Greiðslur fyrir opinbera þjónustu teljast samræmast EES samningnum ef eftirfarandi fjögur skilyrði eru fyrir hendi:

1. Viðtakandi skal sinna opinberri þjónustu og skulu skyldur hans vegna hennar vera skýrt skilgreindar.
2. Greiðslur til viðkomandi skulu byggjast á hlutlægum og gagnsæjum upplýsingum til að forðast að þær hafi áhrif á samkeppni fyrirtækja.
3. Greiðslur mega ekki vera hærri en nauðsynlegt er til að greiða kostnað eða hluta af kostnaði við opinbera þjónustu, að teknu tilliti til viðeigandi tekna og sanngjarns hagnaðar.
4. Þegar viðtakandi er ekki valinn í samræmi við reglur um opinber innkaup, þ.e. út frá því hvort hann geti veitt umrædda þjónustu fyrir minnstan kostnað fyrir samfélagið, skal miða greiðslur við greiningu á því hvað þjónustan hefði kostað dæmigert vel rekið fyrirtæki sem uppfyllir kröfur opinberrar þjónustu, að teknu tilliti til viðeigandi tekna og sanngjarns hagnaðar við að sinna þjónustunni.


Auk þessa þarf að gæta þess að aðkoma ríkisins sé nauðsynleg fyrir almannahagsmuni og hafi ekki óhagstæð áhrif á viðskiptaskilyrði þannig að það stríði gegn sameiginlegum hagsmunum. Til að tryggja að svo sé þarf m.a. að skilgreina þá þjónustu sem samið er um og meta hvort viðkomandi fyrirtæki uppfylli skilyrði hennar. Ábyrgð á skilyrðum og viðmiðum fyrir þjónustuna skal áfram vera í höndum stjórnvalda en ábyrgð á framkvæmdinni í höndum viðkomandi fyrirtækis. Þá þarf að liggja fyrir opinbert skjal þar sem eðli og tími opinberu þjónustunnar eru skilgreind, viðkomandi aðilar tilgreindir sem og réttur þeirra, auk breyta sem notaðar skulu til þess að reikna, stjórna og endurskoða greiðslur og loks aðgerða til að forðast ofgreiðslur og leiðrétt þær eigi þær sér stað. Greiðslur fyrir opinbera þjónustu skal sannanlega nýta til þjónustu vegna almannahagsmuna og skal litið til heildarkostnaðar við útreikninga þeirra. Annist fyrirtæki aðra þjónustu en þá sem telst opinber skal gæta þess að kostnaður við hana hafi ekki áhrif á útreikninga greiðslu til fyrirtækisins. Til kostnaðar vegna annarrar starfsemi fyrirtækis en opinberrar þjónustu skal telja allan breytilegan kostnað, viðeigandi framlag til fasts kostnaðar og viðunandi arðsemi. Eins skal telja með allar tekjur sem falla til vegna opinberrar þjónustu þegar reiknaðar eru út viðeigandi greiðslur ríkisins fyrir hana. Þá geta stjórnvöld ákveðið að tekjur af annarri starfsemi skuli einnig notaðar til að fjármagna opinbera þjónustu.

Samkvæmt leiðbeiningunum telst hagnaður vera sanngjarn ef hann tekur mið af þeirri áhættu sem felst í fyrirkomulaginu. Hann skal alla jafna ekki vera meiri en meðal-

hagnaður fyrir atvinnugreinina undangengin ár. Í atvinnugreinum þar sem ekki er mögulegt að gera slíkan samanburð má taka mið af sambærilegum fyrirtækjum í öðrum löndum eða öðrum atvinnugreinum. Þegar um er að ræða fyrirtæki sem sinnir ekki eingöngu opinberri þjónustu skal bókhald þess greina tekjur og gjöld eftir því hvort um er að ræða opinbera þjónustu eða aðra starfsemi.

6 RÍKISÁBYRGÐ

Ríkisábyrgð hefur verið á skuldum Farice ehf. og forvera félagsins frá því á árinu 2003. Upphaflega nam ríkisábyrgð 526 m.kr. en skráð ríkisábyrgð var 7.025 m.kr. samkvæmt ríkisreikningi ársins 2011.



Ríkisábyrgð var fyrst veitt vegna FARICE-verkefnisins árið 2003, þá 526 m.kr. vegna skammtímaláns. Á árinu 2004 var það lán greitt upp með endanlegu láni vegna verkefnisins og þá óskað eftir ríkisábyrgð á tiltekinn hluta lánsins, þ.e. um 787 m.kr. þegar lánið var tekið. Á árunum 2005–08 tók skráð fjárhæð ríkisábyrgðar aðallega breytingum vegna breytinga gengis gjaldmiðla og nam ríkisábyrgð 1,7 m.kr. í árslok 2008 samkvæmt ríkisreikningi. Þá hafði fjárhæð ríkisábyrgðar nær tvöfaldast frá fyrra ári vegna hruns krónunnar. Í árslok 2009 var ríkisábyrgð á 7 ma.kr. skuldum Eignarhaldsfélagsins Farice ehf. Þar af voru 5 ma.kr. vegna skuldabréfaláns (sjá kafla 3). Á árinu 2010 var veitt ríkisábyrgð vegna 400 m.kr. skuldar. Um var að ræða nýja ábyrgð vegna hluta lánsins sem tekið var á árinu 2004.

6.1 SKILYRÐI FYRIR RÍKISÁBYRGÐ

Í lögum nr. 121/1997 um ríkisábyrgðir eru tilgreind skilyrði fyrir veitingu ríkisábyrgðar. Að mati Ríkisendurskoðunar var sumum þeirra fullnægt þegar ríkissjóður veitti ábyrgð vegna Farice ehf. og forvera þess en öðrum ekki.

⁷ Fjárhæðir miðast við upplýsingar í ríkisreikningi hvers árs.

HEIMILD FYRIR VEITINGU RÍKISÁBYRGÐAR

Í 1. gr. laga um ríkisábyrgðir segir að ríkissjóður megi aldrei takast á hendur ábyrgðar-skuldbindingar nema heimild sé veitt til þess í lögum. Í fjárlögum ársins 2003 var veitt heimild fyrir ríkisábyrgð á allt að 800 m.kr. lántöku Farice hf. og var vísað til hennar við veitingu ríkisábyrgðar á árinu 2004. Í fjárlögum ársins 2009 var veitt heimild til að ábyrgjast allt að 5 ma.kr. lán Eignarhaldsfélagsins Farice ehf. til lagningar DANICE. Var tekið fram að ábyrgðin væri veitt „að undanegnum samningum við félagið um fjármögnun verkefnisins“. Upplýsingar sem fram hafa komið á fundum með fulltrúum Farice ehf. og fjármála- og efnahagsráðuneyti og í gögnum frá sömu aðilum benda hins vegar til þess að ríkisábyrgð hafi verið nauðsynleg til þess að koma á samningum um fjármögnun verkefnisins.

Í 4. gr. fjárukalaga 2010 var veitt heimild til „að auka hlut ríkissjóðs í Farice hf. og taka ásamt öðrum eigendum félagsins þátt í fjárhagslegri endurskipulagningu þess“. Ekki kom þó fram um hve mikla fjárskuldbindingu væri að ræða eða með hvaða hætti yrði að henni staðið. Í desember 2010 skrifaði fjármálaráðherra undir ábyrgðaryfirlýsingu þar sem veitt var ríkisábyrgð vegna 400 m.kr. láns Farice ehf. Í yfirlýsinguinni var vísað í heimild fjárukalaga en að mati Ríkisendurskoðunar er óljóst hvort í henni felist heimild til að veita ríkisábyrgð. Segir fjármála- og efnahagsráðuneyti að þegar heimildin var veitt hafi verið ljóst að fjárhagsstaða félagsins var veik og mikilvægt að ríkissjóður gæti komið að endurskipulagningunni í því skyni að vernda hagsmuni ríkisins sem kröfuhafa í félaginu. Þær ráðstafanir sem gerðar voru byggðu á þessari heimild.

ÓLJÓS HEIMILD Í FJÁRAUKALÖGUM

MAT RÍKISÁBYRGÐASJÓÐS

Í 3. gr. laga um ríkisábyrgðir segir að ríkissjóði sé óheimilt að takast á hendur ríkisábyrgð nema að uppfylltum tilteknum skilyrðum, þar á meðal að ábyrgðarþegi leggi fram viðeigandi tryggingar að mati Ríkisábyrgðasjóðs. Í 2. gr. laga um ríkisábyrgð segir jafnframt að í frumvarpi sem ráðherra leggur fram um veitingu ríkisábyrgða skuli liggja fyrir umsögn Ríkisábyrgðasjóðs þar sem mat er lagt á greiðsluhæfi skuldara, afskriftaþörf vegna áhættu af ábyrgðum, tryggingar sem lagðar verða fram vegna ábyrgðarinnar og áhrif ríkisábyrgða á samkeppni á viðkomandi sviði.

Við veitingu ríkisábyrgðar vegna skammtímaláns til Farice á árinu 2003 var stuðst við bréf Ríkisábyrgðasjóðs þar sem lögð var áhersla á að gengið yrði frá tryggingu gagnvart lánveitanda. Tryggingin var fyrsti veðréttur í sæstrengnum. Taldi sjóðurinn að það væri ásættanlegt enda ekki um aðrar tryggingar að ræða. Á árinu 2004 yfirfór Ríkisábyrgðasjóður beiðni um ríkisábyrgð til Farice vegna endanlegs láns til FARICE-verkefnisins og mælti með því að hún yrði veitt. Sjóðurinn taldi að framboðnar tryggingar væru ásættanlegar og að öðrum skilyrðum 3. gr. laga um ríkisábyrgðir hefði verið fullnægt. Lánasamningurinn var yfirfarinn og taldi sjóðurinn lánskjör viðunandi.

Í bréfi vegna beiðni um ríkisábyrgð á árinu 2009 kom fram það mat Ríkisábyrgðasjóðs að framboðnar tryggingar væru ásættanlegar. Jafnframt taldi sjóðurinn að öðrum skilyrðum laga og reglna um ríkisábyrgðir væri fullnægt. Í þessu sambandi skal bent á að til stóð að ríkissjóður fengi fyrsta veðrétt í DANICE sæstrengnum og miðaðist mat Ríkisábyrgðasjóðs við þær áætlanir samkvæmt bréfinu. Þegar félagið náði ekki að fjármagna greiðsl-

ur til fyrirtækisins sem lagði sæstrenginn var ekki hægt að færa eignarréttinn og þar með gat ríkissjóður ekki fengið fyrsta veðrétt í sæstrengnum.

MAT SJÓÐSINS LÁ EKKI FYRIR

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. laga um ríkisábyrgðir leitaði fjármálaráðuneyti ekki formlegs mats Ríkisábyrgðasjóðs við veitingu ríkisábyrgðar á árinu 2010.

LÁNSFJÁRÞÖRF

Í 3. gr. laga um ríkisábyrgðir er kveðið á um að ríkissjóði sé því aðeins heimilt að takast á hendur ríkisábyrgð að ekki sé hægt að uppfylla lánsfjárþörfina á almennum lána-markaði. Af því sem að framan hefur komið er ljóst að þetta skilyrði ríkisábyrgðar hefur jafnan verið fyrir hendi.

HLUTFALLIÐ UNDIR LÖGBOÐNU HÁMARKI VIÐ VEITINGU RÍKISÁBYRGÐA...

Samkvæmt lögum um ríkisábyrgðir skal ábyrgð ríkissjóðs ekki nema hærra hlutfalli en 75% af lánsfjárþörf þess verkefnis sem veitt er ríkisábyrgð og skal ábyrgðarþegi leggja fram a.m.k. 20% af heildarfjárþörf þess. Ríkisábyrgð vegna endanlegrar fjármögnunar FARICE-verkefnisins á árinu 2004 var vegna samtals 9,4 m.EUR láns, eins og fram kom í kafla 2. Lánið sem þá var tekið nam 34,5 m.EUR og var ríkisábyrgð því á 27% lánsfjárhæðarinnar. Árið 2009 voru heildarskuldir félagsins 120 m.EUR og var ríkisábyrgð á um fjórðungi skuldanna. Þetta hlutfall hefur tekið verulegum breytingum vegna fjárhagslegrar endurskipulagningar félagsins. Breytt hlutfall ríkisábyrgða má helst rekja til þess að um helmingi skulda félagsins var breytt í hlutfé en lán með ríkisábyrgð tóku engum breytingum, ef frá er talin viðbótarábyrgð vegna eldra láns.

...EN HEFUR HÆKKAÐ VERULEGA

Í árslok 2011 námu heildarskuldir Farice ehf. um 61,9 m.EUR. Þar af námu langtímalán og afborganir næsta árs 60,5 m.EUR. Ríkisábyrgð var á tæplega 47 m.EUR eða um 78% af lánum félagsins. Samkvæmt árs hlutareikningi Farice ehf. fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2012 er hlutfallið komið í 79%. Það er því ljóst að hlutfall ríkisábyrgða er orðið verulega hátt og í raun hærra en viðmið laga um ríkisábyrgð mæla fyrir um.

HAGKVÆM STARFSEMI

Í 3. gr. laga um ríkisábyrgðir kemur fram að ríkissjóði er óheimilt að takast á hendur ríkisábyrgð nema sýnt þyki að starfsemin sé hagkvæm, þ.e. að hún standi undir greiðslu þeirra lána sem ábyrgð ríkissjóðs er á. Þegar ríkisábyrgð var veitt á árunum 2003 og 2004 var lítil reynsla komin á starfseminu en viðskiptaáætlanir sýndu að starfsemin væri arðbær. Þegar ríkisábyrgðir voru veittar á árunum 2009 og 2010 átti félagið í rekstrarvandrum. Sem dæmi um vanda þess má nefna að áhættugjald vegna ríkisábyrgðar sem veitt var árið 2009 var ekki greitt við ábyrgðarveitingu eins og lög kveða á um. Litið var svo á að félagið þyrfti á fjármununum að halda til að tryggja að DANICE-verkefnið stöðvaðist ekki. Á endanum var áhættugjald vegna ríkisábyrgða sem veittar voru á árunum 2009 og 2010 fellt inn í fjárhagslega endurskipulagningu félagsins og fékk Ríkisábyrgðasjóður hlut í félaginu í stað greiðslu (sjá nánar í kafla 6.2). Jafnframt þurfti ríkissjóður að lána félaginu til að það gæti staðið í skilum við skuldbindingar, m.a. afborganir af skuldabréfaláni sem ríkisábyrgð var á. Þá var bókfærð eign ríkisins í Eignarhaldsfélaginu Farice ehf. lækkuð um 80% á árinu 2009 í varfærnissskyni vegna mikillar óvissu og erfiðrar stöðu félagsins.

RÍKISÁBYRGÐIR VEITTAR Á TÍMUM REKSTRARVANDA

Eins og áður hefur komið fram var ríkisábyrgð veitt á árinu 2009 til þess að koma í veg fyrir að lagning DANICE-sæstrengsins stöðvaðist. Samkvæmt skýringum fjármála- og efnahagsráðuneytis tók ríkissjóður þátt í fjárhagslegri endurskipulagningu félagsins á árinu 2010 í því skyni að vernda hagsmuni ríkisins sem kröfuhafa í fyrirtækinu. Þær ráðstafanir sem þá voru gerðar, m.a. veiting ríkisábyrgðar, hafi byggt á heimild í fjárukualögum 2010 til þátttöku í fjárhagslegri endurskipulagningu.

6.2 GJALD VEGNA RÍKISÁBYRGÐA

Ábyrgðarþegar skulu greiða ársfjórðungslega ábyrgðargjald af þeim skuldbindingum sínum sem ríkisábyrgð er á. Lán sem áhættugjald hefur verið greitt af eru þó undanþegin greiðslu ábyrgðargjalds. Áhættugjald greiðist við ábyrgðarveitingu og nemur um 0,25-4,00% af höfuðstól ábyrgðarskuldbindingar fyrir hvert ár lánstímans. Samkvæmt 4. gr. laga um ríkisábyrgðir skal Ríkisábyrgðasjóður ákveða áhættugjald og taka m.a. mið af þeirri áhættu sem talin er vera af ábyrgðinni. Við ábyrgðarveitingu til Farice hefur verið lagt á áhættugjald. Að höfðu samráði við fjármálaráðuneyti (nú fjármála- og efnahagsráðuneyti) lagði Ríkisábyrgðasjóður til að áhættugjald vegna ábyrgðar sem veitt var árið 2004 yrði 0,50% af höfuðstól lánsins eins og hann var áætlaður fyrir hvert ár lánstímans.

Ríkisábyrgðasjóður lagði til að gjald vegna ábyrgðarinnar árið 2009 yrði ákveðið í samráði við fulltrúa fjármálaráðuneytis. Var ákveðið að áhættugjald skyldi nema 0,50% af höfuðstól skuldbindinganna. Ríkisábyrgðasjóður lagði ekki mat á gjald vegna ábyrgðar sem veitt var árið 2010 en í gögnum frá fjármálaráðuneyti kemur fram að ákveðið var að sambærilegt gjald og lagt var á vegna ábyrgðarinnar árið 2004, þ.e. 0,50%, væri sanngjarnt þar sem ábyrgðin tæki gildi eftir fjárhagslega endurskipulagningu félagsins.

Utanaðkomandi ráðgjafa var fengið að bera skilmála ríkisábyrgðarinnar saman við sambærilegar ábyrgðir á almennum markaði og skilaði hann mati sínu í ágúst 2012. Átti það að varpa ljósi á það hvort gjald vegna ríkisábyrgðar væri með þeim hætti að það kæmi til móts við þann ágóða sem félagið fengi umfram samkeppnisaðila sína vegna ríkisábyrgðarinnar. Þannig á gjaldið í raun að koma í veg fyrir að ríkisábyrgð hafi áhrif á samkeppni. Miðað við upplýsingar sem fyrir lágu í febrúar 2012 taldi ráðgjafinn 0,5% áhættugjald vera innan skekkjumarka.

Áhættugjald vegna ríkisábyrgðar sem veitt var árið 2004 var greitt og til stóð að félagið greiddi áhættugjald vegna skuldabréfalánsins árið 2009 og viðbótarábyrgðarinnar árið 2010. Vegna erfiðleika við að fjármagna skuldbindingar félagsins varð raunin þó sú að áhættugjaldið var innifalið í fjárhagslegri endurskipulagningu félagsins. Andvirði gjaldsins var breytt í B-hlutabréf og á Ríkisábyrgðasjóður 2,7% hlut í Farice ehf. vegna þessa. Fjármálaráðuneyti veitti Ríkisábyrgðasjóði heimild til þess að taka við B-hlutabréfunum sem fullnaðargreiðslu fyrir áhættugjaldið. Hlutabréfin voru gefin út á nafn og kennitölu ríkissjóðs enda skal áhættugjald renna í ríkissjóðs samkvæmt 4. gr. laga um ríkisábyrgðir. Engin dæmi eru um að gjald vegna ríkisábyrgðar hafi verið greitt með þessum hætti. Ríkisendurskoðun gerir athugasemd við þetta.

Í 4. gr. laga um ríkisábyrgðir segir að áhættugjald skuli greiða við ábyrgðarveitingu og hefði umrætt gjald því ekki átt að vera meðal óveðryggðra krafna þegar fjárhagsleg

**ÁHÆTTUGJALD SKAL
GREIÐA VIÐ VEITINGU
RÍKISÁBYRGÐAR**

**ANDVIRÐI
ÁHÆTTUGJALDS
BREYTT Í HLUTAFÉ**

**UNDANTEKNING
VEGNA FARICE EHF.**

endurskipulagning hófst í desember 2009, um hálfu ári eftir að ríkisábyrgð var veitt. Bréf Ríkisábyrgðasjóðs til fjármálaráðuneytis, þar sem sjóðurinn mælti með að Farice ehf. yrði veitt ríkisábyrgð, var skrifað í maí 2009. Það vekur því athygli að gjaldið hafi ekki verið gert upp fyrr en í janúar 2011 og þá í formi hlutabréfa í félaginu í stað hefðbundinnar greiðslu. Samkvæmt svörum frá Ríkisábyrgðasjóði er hefð fyrir því að áhættugjald sé greitt áður en ábyrgð er veitt. Undantekning var gerð vegna Farice ehf. vegna þeirra óvenjulegu aðstæðna sem uppi voru. Var litið til þess að félagið þyrfti á fjármununum að halda til að tryggja að DANICE-verkefnið stöðvaðist ekki. Í svörum sjóðsins segir m.a.: „Uppbygging netþjónabúa var í hættu og gífurlegir þjóðarhagsmunir að veði.“ Auk þess treysti sjóðurinn á að fengist gjaldið ekki greitt með hefðbundinni greiðslu frá félaginu mætti draga andvirði þess frá væntanlegu eiginfjárframlagi ríkis-sjóðs.